



## **BSc í Íþróttافرæði**

Viðhorf formanna  
knattspyrnudeilda til Pepsi-deild  
karla á Íslandi

**Maí, 2017**

**Höfundur:** Davíð Sævarsson

**Kennitala:** 221090-2849

**Leiðbeinendur:** Birnir Egilsson og Margrét Lilja Guðmundsdóttir

12 ECTS ritgerð til BSc í íþróttافرæði

## Útdráttur

Er Pepsi-deild karla atvinnumannadeild? Hvernig er rekstur knattspyrnufélaga í Pepsi-deild karla? Hversu miklu máli skiptir það fyrir félög að fá meistara- eða Evrópudeildarsæti? Hvað er atvinnumennska? Þessar spurningar og fleiri eru viðfangsefni þessarar rannsóknar. Spurningalisti með 15 spurningum var sendur rafrænt á 12 formenn knattspyrnudeilda í Pepsi-deild karla. Tekin voru þrjú viðtöl við fyrrum atvinnumenn og rýnt frekar í hvað atvinnumennska er. Rannsóknin fór fram frá 2. apríl til 10. maí 2017. Markmið hennar var að fá sýn formanna knattspyrnudeilda um ýmis atriði sem tengjast Pepsi-deild karla. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að tekjur vegna meistara- eða Evrópudeild skipta miklu máli, ekki er full atvinnumennska á Íslandi, heldur blanda af atvinnumennsku og áhugamennsku. Niðurstöður sýndu einnig að ungir leikmenn íslenskra liða séu að fara of snemma til erlendra liða. Það má því segja að Pepsi-deild karla sé ekki atvinnumannadeild og að töliverður munur sé á rekstri félaga í Pepsi-deild karla.

Lykilorð: atvinnumennska, áhugamennska, Pepsi-deild karla, stjórnunarhættir, rekstur, ungir leikmenn, erlendir leikmenn.

## Formáli

Rannsókn þessi er lokaverkefni til B.Sc. gráðu í íþróttufræðum við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Vægi verkefnisins er 12 ECTS einingar. Ég hef stundað knattspyrnu, þjálfað í yngri flokkum í knattspyrnu, unnið í kringum knattspyrnu með allskonar hætti og þegar kom að því að velja viðfangsefni fyrir lokaverkefni þá var augljóst að ég myndi skrifa um eitthvað knattspyrnutengt.

Leiðbeinendur verkefnisins voru Birnir Egilsson, kennari við Háskólann í Molde í Noregi og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, kennari við Háskólann í Reykjavík og þakka ég þeim fyrir góða aðstoð. Ég vil þakka þeim formönnum sem gáfu sér tíma til að svara spurningalistanum og þeim þremur viðmælendum sem veittu greinargóð viðtöl. Til viðbótar vil ég einnig þakka Atla Jóhannssyni fyrir yfirlestur verkefnisins og Þorgrími Þráinssyni fyrir góðar ábendingar við gerð spurningalistans. Að endingu þakka ég öllum þeim fjölmörgu aðilum sem voru tilbúnir að ræða viðfangsefni þessarar rannsóknar við mig og veita mér þannig góð ráð.

Síðast en alls ekki síst vil ég þakka kærustunni minni, Arndísi Ósk Arnarsdóttur fyrir mikinn skilning og stuðning við gerð þessarar ritgerðar.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>2</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>3</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>6</b>
<b>Töfluskrá</b> .....	<b>6</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>7</b>
Knattspyrnusamband Íslands .....	8
Afreksmennska .....	8
Vel menntaðir knattspyrnuþjálfarar .....	9
Árangur landsliðsins .....	10
Árangur íslenskra liða .....	12
<b>Atvinnumannadeild eða hvað?</b> .....	<b>12</b>
Laun leikmanna.....	14
Fjármunir félaga.....	15
Mismunandi stjórnunarhættir.....	17
Ísland.....	17
Norðurlöndin .....	18
<b>Lifnaðarhættir knattspyrnumanna</b> .....	<b>19</b>
<b>Staðan á Íslandi í dag</b> .....	<b>20</b>
<b>Íslendingar í erlendum liðum</b> .....	<b>21</b>
<b>Aðferðir og gögn</b> .....	<b>23</b>
Markmið og rannsóknarspurning .....	23
Rannsóknaraðferð .....	23
Þátttakendur .....	23
Mælitæki .....	24
Framkvæmd .....	24
Úrvinnsla og greining .....	25
Eigindlegur hluti rannsóknarinnar .....	25
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>26</b>
Bakgrunnur .....	26
Stjórnunarhættir .....	27
Rekstur félaga .....	29
Pepsi-deild karla.....	31
Framlag leikmanna.....	32
Ungir leikmenn á Íslandi.....	34

Eigindleg rannsókn .....	36
Hvað er atvinnumennska? .....	36
Ungir íslenskir leikmenn til erlendra liða .....	37
<b>Umræður.....</b>	<b>38</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>43</b>
<b>Viðauki 1 .....</b>	<b>53</b>

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b> <i>Samantekt sem sýnir hversu lengi formenn hafa gegnt stjórnunarstöðu hjá núverandi félagi.</i> .....	26
<b>Mynd 2.</b> <i>Hæsta stig menntunar formanna félaga í Pepsi-deild karla.</i> .....	27
<b>Mynd 3.</b> <i>Álit formanna félaganna á því hvort breyttir stjórnunarhættir knattspyrnufélaga geti verið Pepsi-deild karla til framdráttar.</i> .....	27
<b>Mynd 4.</b> <i>Mat formanna félaga í efstu deild á Íslandi um hvort félögin notist við erlend viðmið annarra knattspyrnufélaga tengd stjórnunarháttum.</i> .....	28
<b>Mynd 5.</b> <i>Árlegur rekstur mfl.karla að jafnaði hjá félögum formanna í efstu deild.</i> .....	29
<b>Mynd 6.</b> <i>Mat formanna í efstu deild á mikilvægi þess að ná meistara- eða Evrópudeildarsæti, fyrir rekstur félags.</i> .....	29
<b>Mynd 7.</b> <i>Mat formanna félaga í efstu deild á því hvaða tekjur félaganna skipta mestu máli.</i> .....	30
<b>Mynd 8.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild um hvað eigi best við um Pepsi-deild karla.</i> .....	31
<b>Mynd 9.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild um hvaða atriði skipti mestu máli varðandi það að Pepsi-deild karla flokkist sem atvinnumannadeild.</i> .....	31
<b>Mynd 10.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild hvort framlag leikmanna í félaginu þeirra sé ábótavant miðað við laun þeirra frá félaginu.</i> .....	32
<b>Mynd 11.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild hvort lifnaðarháttum íslenskra knattspyrnumanna í Pepsi-deild karla sé ábótavant.</i> .....	33
<b>Mynd 12.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild um hvort banna eigi leikmönnum sem þéna yfir ákveðna upphæð frá félaginu að stunda aðra vinnu með knattspyrnunni.</i> .....	33
<b>Mynd 13.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild um hvort ungir leikmenn íslenskra liða fari of snemma til erlendra liða.</i> .....	34
<b>Mynd 14.</b> <i>Mat formanna í efstu deild á því hvort ungir leikmenn íslenskra liða fari fyrir of lága fjárhæð til erlendra liða.</i> .....	34
<b>Mynd 15.</b> <i>Álit formanna félaga í efstu deild um hvort of margir erlendir leikmenn séu fengnir til að spila í Pepsi-deild karla á kostnað yngri leikmanna.</i> .....	35

## Töfluskrá

<b>Tafla 1.</b> <i>Sýnir íbúafjölda, stöðu úrvalsdeildar, stöðu landsliðs á heimlista, fjöldi knattspyrnuíðkenda, fjöldi leikmanna í erlendum liðum og % hlutfall leikmanna í erlendum liðum miðað við höfðatölu fjögurra landa.</i> .....	21
--	----

## Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um þá margvíslegu þætti sem tengjast Pepsi-deild karla á Íslandi, hvort deildin teljist vera atvinnumannadeild, lifnaðarhætti íslenskra knattspyrnumanna, hvort að ungir leikmenn séu að fara of snemma til erlendra liða, hvað er atvinnumennska og fleira. Leitast verður eftir svörum við þessum tilteknu spurningum út frá niðurstöðum rannsóknar um áður nefnd efni.

Það er draumur flestra þeirra sem æfa knattspyrnu að fara út í atvinnumennsku til þess að geta stundað íþróttina sem þeir elska sem atvinnu. Íslenskir knattspyrnumenn eru þekktir fyrir baráttugleði og metnað til þess að ná langt og á undanförunum árum hefur hin íslenska geðveiki verið nefnd sem sérstakur eiginleiki í þessu samhengi (Halldorsson, 2017). Viðar Halldórsson, lektor í félagsfræði, rýnir í bók sinni „Sport in Iceland: How small nations achieve international success“ frá rannsóknum sínum á öllum landsliðum Íslands sem hafa náð þeim árangri að komast á stórmót á síðustu árum. Árangur landsliðinna hefur vakið mikla athygli um allan heim og hefur orðið vísindamönnum ákveðið rannsóknarefni. Ungir íslenskir knattspyrnumenn hafa verið eftirsóttir af erlendum liðum en oftar en ekki hafa þeir farið fyrir lágur upphæðir, þá oftast til Norðurlandanna. Nú til dags eru mikil tækifæri í knattspyrnuheiminum þar sem margar leiðir eru opnar fyrir unga knattspyrnumenn. Til að mynda eru Knattspyrnusamband Íslands og íslensk félagslið að fá háar fjárhæðir frá UEFA (Knattspyrnusamband Evrópu) og FIFA (Alþjóðaknattspyrnusamband) til að bæta knattspyrnumhverfið með þeirri von um að þróa og bæta unga knattspyrnumenn.

Eftir árangur Íslendinga á Evrópumótinu árið 2016 þá hefur íslensk knattspyrna sífellt verið til umfjöllunar hjá erlendum fjölmiðlum. Enginn virðist skilja það hvernig þessi 340.000 manna þjóð komst á svona risastórt lokamót (Halldorsson, 2017). Í kjölfarið hafa þjálfarar erlendis frá komið til Íslands til að kynna sér starf yngri flokka félaga og fræðast um hvernig Íslendingar standa almennt að þjálfun. Mikilvægt er að byggja ofan á frábæran árangur landsliðsins og stækka íslenska knattspyrnu enn frekar.

Knattspyrna er vinsælasta íþróttin í heiminum í dag en um 265 milljónir manna stunda knattspyrnu og um 5 milljónir dómara stjórna keppnisleikjunum sem gerir samtals 270 milljónir manna eða 4% af jarðarbúum sem eru þátttakendur í alþjóðlegri knattspyrnu (Kunz, 2007).

Á Íslandi æfa um 20.000 einstaklingar knattspyrnu en þar af er um 1/3 hluti iðkenda stúlkur. Af þeim 20.000 sem æfa knattspyrnu á Íslandi, eru um 15.000 iðkendur yngri en 15 ára (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-a). Þess ber að geta að þessar tölur innihalda ekki þá einstaklinga sem spila knattspyrnu utan félaga, eru í hádegisbolta eða í utandeildinni o.fl. Knattspyrnusamband Íslands áætla að um 30.000 einstaklingar spili því knattspyrnu að staðaldri (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-a).

### **Knattspyrnusamband Íslands**

Knattspyrnusamband Íslands var stofnað 26. mars árið 1947 og var Agnar K. Jónsson fyrsti formaður sambandsins (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-b). Frá þeim tíma hafa átta aðrir formenn gegnt stöðunni en formaðurinn í dag er fyrrum landsliðsmaðurinn, Guðni Bergsson (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-b).

Knattspyrnusamband Íslands er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi en hlutverk þeirra er meðal annars að hafa yfirstjórn yfir íslenskum knattspyrnumálum, vinna að eflingu knattspyrnu í landinu, standa fyrir knattspyrnumótum, standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik (Knattspyrnusamband Íslands).

Knattspyrnusamband Íslands hefur stuðlað að bættri aðstöðu félaga. Með tilkomu knattspyrnuhalla þá breyttist knattspyrnan á Íslandi til muna og er oft talað um þá leikmenn sem æfðu fyrst við hinar nýju aðstæður sem knattspyrnuhallakynslóðina (Stefán Árni Pálsson, 2013). Knattspyrnuhallirnar gera það að verkum að iðkendur félaga eru færir um að stunda knattspyrnu við góðar aðstæður allt árið um kring. Fyrsta knattspyrnuhöllin sem var byggð á Íslandi er Reykjaneshöllin sem staðsett er í Keflavík, en hún var tekin formlega í notkun 19. febrúar árið 2000 (Morgunblaðið, 2000). Í dag eru yfir 10 knattspyrnuhallir víðs vegar um landið. Flest félög á Íslandi hafa gervigrasvöll í fullri stærð til umráða sem og sparkvelli þar sem iðkendur geta æft við góðar aðstæður.

### **Afreksmennska**

Samkvæmt Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) þá er skilgreiningin á afreksmanni sú, „hver sá einstaklingur eða flokkur sem skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, stenst ákveðin viðmið í viðkomandi grein og einnig þeir sem eru taldir



að með markvissri þjálfun geti skipað sér á bekk með þeim bestu“ (ÍSí, 2017). Afrekssjóður ÍSí stendur að uppbyggingu afreksíþróttafólks á Íslandi með því að aðstoða það við að ná sem bestum árangri í alþjóðlegri keppni og er það gert með fjárframlögum, bættri menntun þjálfara og ýmis konar tæknilegri aðstoð (ÍSí, 2017).

Talið er að það sem aðskilur afreksíþróttamenn frá öðrum íþróttamönnum er tíminn sem þeir eyða í aukaæfingar, en samkvæmt Ericsson þá þarf allt að 10.000 klukkustunda þjálfun til þess að verða sérfræðingur í ákveðinni íþrótt (Ericsson, Krampe og Tesch-Römer, 1993).

Í afreksstefnu Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) kemur fram að öll meginþjálfun leikmanna er alfarið í höndum félaganna en ekki í höndum KSÍ (Knattspyrnusamband Íslands, 2016a). Þeir hópar sem KSÍ skilgreinir sem afrekshópa eru þau landslið sem keppa fyrir Íslands hönd í undankeppnum eða úrslitakeppnum (Knattspyrnusamband Íslands, 2016a).

KSÍ styrkir starf félaganna með fræðslu, menntun fyrir þjálfara og með fjárhagslegum stuðningi (Knattspyrnusamband Íslands, 2016a). Árið 2016 fengu félög 107 miljónir samtals eða 4,6 m.kr. á hvert Pepsi-deildar lið. Þau lið sem voru ekki í Pepsi-deildinni fengu minna en þessi peningur kemur frá UEFA og KSÍ, og er ætlaður fyrir barna- og unglíngastarf félaganna (Knattspyrnusamband Íslands, 2016d; Óskar Ófeigur Jónsson, 2016a). Eftir árangur karlalandsliðsins á Evrópumótinu árið 2016 þá ákvað KSÍ að úthluta 453 m.kr. til aðildarféлага en fjármunirnir eru fengnir að hluta til frá UEFA vegna árangursins á Evrópumótinu 2016 (Knattspyrnusamband Íslands, 2016c). Fjármununum var skipt á milli féлага eftir ýmsum atriðum, meðal annars eftir árangri liða síðustu þriggja ára á undan, en hæsta upphæðin sem fór til félags var 18,2 m.kr. (Knattspyrnusamband Íslands, 2016c).

### **Vel menntaðir knattspyrnuþjálfarar**

KSÍ hefur verið leiðandi í menntun á knattspyrnuþjálfurum á Íslandi, en ekkert annað sérsamband á Íslandi hefur jafn marga menntaða þjálfara á sínum vegum og KSÍ. Þegar Ísland er borið saman við lönd eins og England, Svíþjóð og Danmörk þá er Ísland með töluvert fleiri menntaða þjálfara með *UEFA A* og *UEFA B* miðað við höfðatölu (Jóhann Ólafur Sigurðsson, 2015). Hlutfallslega fleiri þjálfarar á

Íslandi sækja þjálfaranámskeið hjá KSÍ en hjá öðrum knattspyrnusamböndum úti í heimi (Magnús Már Einarsson, 2015). KSÍ er aðili að þjálfarasáttmála UEFA sem gerir íslenskum knattspyrnuþjálfurum kleift að fá *UEFA B* og *UEFA A* þjálfaragráður með því að sitja námskeið á vegum KSÍ (Knattspyrnusamband Íslands). Í leyfiskerfi KSÍ eru gerðar ákveðnar kröfur hvað varðar þjálfaragráður hjá þjálfurum félaga, en mismiklar kröfur eru gerðar til mismunandi aldursflokka og eftir deildum (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-c).

Frá 3. maí 2017 þá hafa 431 íslenskur þjálfari fengið *UEFA B* þjálfaragráðuna og 230 íslenskir þjálfarar fengið *UEFA A* þjálfaragráðuna (óbirt gögn, Knattspyrnusamband Íslands 2017). Þá hafa 16 þjálfarar lokið *UEFA PRO* þjálfaragráðunni, en einn af þeim er Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari karlaliðsins (Knattspyrnusamband Íslands, 2017b). Í úttekt franska fréttamiðilsins L'Equipe er Heimir á lista yfir 50 bestu þjálfara í heimi en hann er þar í 43. sæti (Fleurot, 2017).

Ásókn erlendra liða í íslenska þjálfara hefur aukist á undanförunum árum. Þegar þetta er ritað þá þjálfar til að mynda tveir Íslendingar í Kína, þeir Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Daði Rafnsson. Rúnar Kristinsson þjálfar Lokeren í Belgíu og Ólafur Kristjánsson þjálfar Randers FC í Danmörku. Mikill áhugi var erlendis frá á þjálfarastöðu KR eftir sumarið 2016 en Kristinn Kjærnested, formaður Knattspyrnudeildar KR, sagði að um 40 erlendir þjálfarar hafi sótt um stöðuna (Óskar Ófeigur Jónsson, 2016b).

### **Árangur landsliðsins**

Fyrstu landsliðsþjálfarar Íslands voru þeir Frederick Steele og Murdo McDougall en þeir stýrðu íslenska karlalandsliðinu í sínum fyrsta landsleik gegn Danmörku, 17. júlí árið 1946 á Melavellinum í Reykjavík (Viðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997). Leiknum lauk með 3-0 sigri Danmerkur.

Einn eftirminnilegasti landsleikur sem íslenska karlalandsliðið hefur spilað var gegn Frökkum á Laugardalsvellingum árið 1998, en sú viðureign var fyrsti leikur Frakka eftir að hafa unnið heimsmeistaratitilinn. Ísland náði að komast yfir með marki Ríkharðs Daðasonar en Frakkar jöfnuðu með marki Christophe Dugarry. Leikurinn endaði 1-1 og er þessi leikur talinn vera einn sá eftirminnilegasti sem íslenska karlalandsliðið hefur spilað (Morgunblaðið, 1998).

Ólafur Jóhannesson tók við landsliðinu árið 2007 og stýrði liðinu til ársins 2011. Líklega er árangur Íslands á þessum tíma ekki minnstæður en þó má ekki gleyma því að margir ungir leikmenn þreyttu frumraun sína með karlalandsliðinu og má þar helst nefna leikmenn á borð við Birki Bjarnason, Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Einar Gunnarsson. Þessir leikmenn ásamt fleirum tryggðu sér sæti á lokamót Evrópumóts leikmanna undir 21 árs (U21) árið 2011. Lykilmennirnir úr því liði sem spilaði á Evrópumótinu eru í dag lykilmennirnir í A-landsliði karla.

Áður en Lars Lagerbäck tók við landsliðinu árið 2011 þá var umræðan í kringum A-landslið karla oft á tíðum slæm (Morgunblaðið, 2014). Leikmenn stigu fram og töluðu meðal annars um að landsliðsferðirnar snérust um það að fá sér áfengi og skemmta sér (Morgunblaðið, 2014). Með ráðningu á Lagerbäck sem landsliðsþjálfara þá breyttust hlutirnir og fóru öll landslið Íslands, hvort sem það er A-landslið karla eða yngri landslið að stefna lengra en þau höfðu gert áður. Ein aðalástæðan fyrir því er hugarfarsbreyting leikmanna, en þjálfarar hafa einnig sett fram háleitari markmið sem hefur skilað árangri (Halldorsson, 2017). Hugarfarsbreyting eldri leikmanna hefur skilað sér niður í yngri landsliðin en Lars Lagerbäck taldi að með hugarfarsbreytingu leikmanna, breyttum reglum, fórnum og fagmennsku þá gætu leikmennirnir komist á sitt fyrsta lokamót með landsliðinu (Halldorsson, 2017). Árið 2013 var íslenska landsliðið nálægt því að tryggja sig á lokakeppni heimsmeistaramótsins sem haldið var árið 2014 í Brasilíu, en Íslendingar töpuðu fyrir Króatíu í umspili um laust sæti. Það ótrúlega varð hins vegar að veruleika árið 2016 þegar Ísland komst á lokakeppni Evrópumótsins í Frakklandi (Halldorsson, 2017). Ísland náði þar stórbrotnum árangri þar sem þeir slógu meðal annars England út úr keppni áður en þeir féllu úr leik fyrir Frakklandi í átta liða úrslitum (Knattspyrnusamband Íslands, 2016b).

Lars Lagerbäck hætti með íslenska karlalandsliðið eftir Evrópumótið 2016 og tók þá Heimir alfarið við stjórn þess. Magnaður árangur landsliðins á þessum tíma og á undanförunum árum hefur smitað út frá sér til fólksins í landinu, sem sést best á því að mikil fjölgun hefur átt sér stað hjá yngri flokkum íslenskra félaga (Mutter og Pawlowski, 2014).

Þegar þetta er ritað er íslenska karlalandsliðið í 21. sæti FIFA heimslistans en Ísland hefur aldrei áður verið jafn ofarlega (FIFA, 2017). Meðal þeirra þjóða sem

eru fyrir neðan Íslendinga eru Holland, Serbía, Bandaríkin og allar Norðurlandþjóðirnar, en af þeim eru Svíar næstir í röðinni í 34. sæti (FIFA, 2017).

### **Árangur íslenskra liða**

Það lið sem unnið hefur úrvalsdeild karla hvað oftast er lið Knattspyrnufélags Reykjavíkur (KR) en þeir hafa 26 sinnum orðið Íslandsmeistarar (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-d). Þeir eru einnig fyrsta liðið til að vinna úrvalsdeildina á Íslandi en það var árið 1912 en félagið hét þá Fótboltafélag Reykjavíkur (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-d). Valur hefur unnið 20 Íslandsmeistaratitla, Fram ogÍA eru hvor um sig með 18 Íslandsmeistaratitla og FH er með sjö Íslandsmeistaratitla (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-d).

Besti árangur íslensks félagsliðs í Evrópudeildinni kom frá liði Stjörnunnar árið 2014 þegar liðið komst í fjórðu umferð undankeppni Evrópudeildarinnar. Þar féll Stjarnan úr leik eftir tap á móti ítalska stórliðinu Inter Milan. Sá leikur fór fram á Laugardalsvellið en ekkert annað íslenskt félagslið hefur náð að fylla þann völl fram til þessa (Kristján Guðjónsson, 2014).

### **Atvinnumannadeild eða hvað?**

Á Íslandi er spilað í karlaflokki í úrvalsdeild, 1. deild, 2. deild, 3. deild og 4. deild karla (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Íslandsmótin hefjast í maí og lýkur þeim í október, en á Íslandi fer fram lengsta undirbúningstímabil sem vitað er um (Sindri Sverrisson, 2013). Á Íslandsmótinu taka 79 félög þátt og koma þau víðs vegar af landinu (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Í úrvalsdeild karla eru 12 lið, í 1.deild eru 12 lið, í 3.deild eru 10 lið og í 4.deild eru fjórir riðlar þar sem hver riðill er með átta lið nema einn riðill sem hefur níu lið (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Félagið sem stendur uppi sem sigurvegari í úrvalsdeild tekur þátt í undankeppni Meistaradeildar en félögin sem lenda í næstu tveimur sætum keppa í undankeppni Evrópudeildar sem og sigurvegari Borgunarbikarsins (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-f).

Þessi-deild karla er flokkuð sem hálf atvinnumennska (e. *semi-professional*) þar sem leikmenn eru ekki í fullu starfi við það að stunda knattspyrnu heldur vinna aðra vinnu með (Blickenstaff, 2014; Halldorsson, 2017, bls. 33). Leikmennirnir fá

greitt fyrir knattspyrnuviðkun sína en þó ekki jafn mikið og þeir sem eru í atvinnumennsku. Þeir eru samningsbundnir félaginu og þurfa að fylgja ákveðnum skyldum félagsins (Blickenstaff, 2014; Halldorsson, 2017, bls. 33). Til að mynda fjallar Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði Íslandsmeistaraliðs FH frá árinu 2016, að hann stundi aðra fulla vinnu með knattspyrnu ásamt því að sinna sínum skyldum hjá FH (Stefán Árni Pálsson, 2016). Sambærilegt dæmi kom fram þegar fyrrverandi varaformaður knattspyrnudeildar ÍBV, Hannes Gústafsson, sagði í viðtali við Fótolti.net árið 2014 að Pepsi-deild karla væri ekki lengur áhugamennska heldur hálf atvinnumennska, þar sem að rekstur liðanna væri orðinn það mikill að þetta væri ekki lengur einungis áhugamennska (Magnús Már Einarsson, 2014).

Áhugamennska (e. *amateur*) er þegar leikmaður stundar knattspyrnu sér einungis til skemmtunar og fær ekki greitt fyrir það (Knattspyrnusamband Íslands). Leikmaðurinn er því ekki skuldbundinn að skila einhverju til baka til félagsins, mætir á æfingar þegar hann getur og er ekki samningsbundinn félaginu (Knattspyrnusamband Íslands).

Atvinnumennska (e. *professional*) er það þegar leikmaður er stundar knattspyrnu og fær greitt í samræmi við það (Halldorsson, 2017). Leikmaðurinn flokkast þá sem sérfræðingur í atvinnugreininni en hægt er að kalla aðila sérfræðing ef hann hefur æft meir en 10.000 klukkustundir aukalega í íþróttinni (Ericsson o.fl., 1993). Allt snýst um að mæta á næstu æfingu, næsta leik og svo framvegis (Halldorsson, 2017). Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, segir að hans lið sé orðið að atvinnumannaliði, því að með bættri umgjörð, leikmönnum og þjálfurum á undanförunum árum þá er liðið nánast komið á þann stað að hægt sé að kalla það atvinnumannalið (Anton Ingi Leifsson, 2015).

Í reglugerð Knattspyrnusamband Íslands um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga kemur fram að leikmenn á Íslandi eru annað hvort áhugamenn eða samningsleikmenn (Knattspyrnusamband Íslands). Samningsleikmenn eru þeir sem hafa undirritað samning við félag sem heimilar leikmanninum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuviðkun. Leikmenn sem eru ekki á samning hjá félögum teljast þar með áhugamenn (Knattspyrnusamband Íslands).

Áhugamennska, yngri flokka starfsemi og atvinnumannalið hafa góð áhrif hvert á annað (Holt, 2009). Það er mikilvægt fyrir knattspyrnulið að vel sé hlúið að grasrótinni sem fer fram hjá yngri flokkum félaga, hvort sem það er hjá atvinnumannaliðum eða ekki, þar sem helstu undirstöðuatriði í knattspyrnu eru æfð

og kennd (Holt, 2009). Að sama skapi er mikilvægt fyrir grasrótina að hafa atvinnumannalið sem skapar tekjur (Holt, 2009). Ef það væri ekki fyrir áhugamennsku þá væru sennilega ekki margir áhorfendur á vellinum að horfa á fyrirmyndir sínar í atvinnumannaliðunum.

Rannsóknir hafa sýnt að mikill getumunur er á leikmönnum sem spila í áhugamannaliðum og þeim sem spila í atvinnumannaliðum. Í rannsókn sem framkvæmd var á 20 landsliðsmönnum og 20 áhugamönnum sem spiluðu í fjórðu deildinni í Frakklandi í knattspyrnu þá kom í ljós að mikill munur var á sendingum á milli hópanna en landsliðsmennirnir voru með mun fleiri heppnaðar sendingar heldur en áhugamannaliðið (Dellal, Hill-Haas, Lago-Penas og Chamari, 2011). Landsliðsmennirnir hlupu töluvert meira heldur en áhugamannaliðið og varð áhugamannaliðið töluvert fyrr þreyttara heldur en landsliðsmennirnir (Dellal o.fl., 2011).

### **Laun leikmanna**

Í alþjóðlegri könnun á vegum *FIFPro* sem eru alþjóðleg samtök atvinnuknattspyrnumanna kom í ljós að einn af hverjum 16 leikmönnum í Pepsi-deild karla tímabilið 2016 er með laun á bilinu 915.000 - 1.700.000 kr. á mánuði frá sínu félagi (FIFPro, 2016). Það eru 6,4% af öllum leikmönnum deildarinnar. Meðallaun leikmanna í Pepsi-deild karla var á bilinu 69.000 - 114.000 krónur á mánuði og í kringum 20% leikmanna voru með að minnsta kosti 460.000 krónur á mánuði (FIFPro, 2016).

Í sömu könnun á vegum *FIFPro* þá kom fram að 20,2% leikmanna í Noregi eru með á bilinu 2.000 – 4.000 dollara á mánuði, 5,7% leikmanna eru með 15.000 - 30.000 dollara á mánuði og 1,5 % með 30.000 - 60.000 dollara á mánuði (FIFPro, 2016). Í Svíþjóð eru um 40,8% leikmanna með 2.000 - 4.000 dollara á mánuði og 6,6% með 8.000 - 15.000 dollara á mánuði (FIFPro, 2016). Laun leikmanna í Danmörku eru hærrí samkvæmt *FIFPro* könnunni en 29,9% leikmanna hafa 2.000 - 4.000 dollara á mánuði, 24,2% hafa 8.000 - 15.000 dollara á mánuði og 2,4% hafa 30.000 – 60.000 dollara á mánuði (FIFPro, 2016). Aðrar áhugaverðar tölur komu til að mynda fram í svissnesku úrvalsdeildinni þar sem 3,5% leikmanna fá 60.000 – 100.000 dollara á mánuði, 10% leikmanna í rússnesku úrvalsdeildinni hafa yfir

100.000 dollara á mánuði og í frönsku úrvalsdeildinni eru aðeins 2,2% leikmanna með yfir 100.000 dollara á mánuði (FIFPro, 2016).

Þegar laun íslenskra atvinnumanna eru skoðuð þá er Gylfi Þór Sigurðsson efstur á lista með um 550 m.kr. í árslaun, Kolbeinn Sigþórsson með 220 m.kr. í árslaun og Aron Jóhannsson með 201 m.kr. í árslaun svo dæmi séu tekin (Victor Jóhann Pálsson, 2017).

## **Fjármunir félaga**

Viðskiptahluti knattspyrnunnar er gríðarlega stór en þar eru lið á borð við Barcelona, Real Madrid og Manchester United hluti af stórum viðskiptaheimi og verðmetin á bilinu 3.3 – 3.6 billjón dollara (Forbes, 2017). Stærstu fyrirtæki heimsins einblína á stærstu félögin og greiða þeim háar fjárhæðir fyrir, t.d. fyrir að auglýsa á treyjum þeirra (Robinson og France, 2011).

Eitt af því sem skilur áhugamannalið frá atvinnumannaliðum er hvernig þau standa að fjármögnun og hvaðan þau fá fjármagn (Robinson og France, 2011). Áhugamannalið fá oftast styrki eða gera auglýsingasamninga við fyrirtæki sem eru í heimabæ félagsins (Robinson og France, 2011). Atvinnumannalið sem eru þekkt um heiminn fá styrki og auglýsingasamninga frá fyrirtækjum um allan heim (Robinson og France, 2011).

Atvinnumannalið notar stærð félagsins úti í heimi, frægð leikmanna, fjölda áhorfenda á heimaleikjum og vinsældir félagsins til að draga að stóra auglýsingaraðila sem eru tilbúnir að veita knattspyrnufélögum góðan fjárhagslegan styrk. Áhugamannalið skortir oft en ekki áhorfendafjölda til að njóta góðs af auglýsingatekjum eins og atvinnumannalið gera (Robinson og France, 2011).

Manchester United var tekjuhæsta lið heims árið 2016 en tekjurnar námu samtals 689 milljónum evra. Þar af voru 363 milljón evrur frá auglýsingatekjum, 187 milljón evrur frá sjónvarpstekjum og 137 milljón evrur frá tekjum á heimaleikjum („Deloitte Football Money League“, 01.17). Þegar litið er á hvaða deildir voru tekjuhæstar þá er enska úrvalsdeildin sú tekjuhæsta en þar á eftir kemur þýska deildin, spænska deildin, ítalska deildin og franska deildin (Forbes, 2017).

Tímabilið 2014/15 þá var launakostnaður ensku úrvalsdeildarinnar hærri heldur en spænsku og þýsku deildarinnar til samans (Boor o.fl., 01.16). Tekjur allra liða í úrvalsdeildinni í Svíþjóð tímabilið 2014/2015 voru 152 milljón evrur sem

skiptist þannig að 30 milljón evrur komu eftir heimaleiki, 37 milljón evrur frá sjónvarpstekjum og 85 milljón evrur frá auglýsingatekjum. Meðaltekjur liða í sænsku úrvalsdeildinni voru 10 milljón evrur (Boor o.fl., 01.16). Tímabilið 2014/15 í Danmörku voru tekjur allra liða í úrvalsdeildinni 149 milljón evrur sem skiptist þannig að 15 milljónir evra komu eftir heimaleiki, 36 milljónir frá sjónvarpstekjum, 53 milljónir frá auglýsingatekjum og 45 milljónir komu úr öðrum auglýsingatekjum. Meðaltekjur liða í dönsku úrvalsdeildinni tímabilið 2014/15 voru 12 milljónir evra (Boor o.fl., 01.16).

Á Norðurlöndunum er mismunandi eftir deildum hvaða stefnu félögin vinna með og fara eftir. Í Danmörku fjárfesta mörg félagslið í byggingariðnaði sem og annars konar iðnaði til þess að skapa tekjur á meðan félög í Noregi reyna að skapa sem mestar tekjur í gegnum auglýsingar og með samstarfi við fyrirtæki, en þó einnig með ytri auðlindum eins og í Danmörku (Gammelsæter og Jakobsen, 2008; Gammelsæter og Senaux, 2011).

Fjárhagslegur ávinningur íslenskra liða á því að tryggja sér sæti í undankeppni meistara- eða Evrópudeildar er mikill. Með því að taka þátt í fyrstu umferð undankeppninnar þá tryggja lið sér 220.000 evrur (25.5 m.kr.), fyrir aðra umferð undankeppninnar tryggja lið sér 320.000 evrur (37 m.kr.) en upphæðir hækka eftir því sem lið komast lengra (UEFA, 2016).

Þegar ársskýrslur íslenskra félaga eru skoðaðar nánar þá sést greinilega að tekjur frá þátttöku í meistara- eða Evrópudeild geta skipt miklu máli fyrir rekstur íslenskra liða (UMF Stjarnan, 2016). Í ársskýrslu Stjórnunnar frá árinu 2016 sem kynnt var 10. maí 2017 þá sést greinilegur munur á rekstri knattspyrnudeildarinnar á milli ára. Árið 2016 var karlalið Stjórnunnar ekki í Evrópudeild en var það hins vegar síðustu tvö árin á undan þar sem liðið náði eftirminnilegum árangri. Í skýrslunni má sjá að það er 54 m.kr. hagnaður á rekstri knattspyrnudeildarinnar árið 2015 en 42 m.kr. tap var á rekstrinum árið 2016 (UMF Stjarnan, 2016). Ljóst er að þær 107 m.kr. sem Stjarnan fékk vegna þátttöku í Evrópudeild árið 2014 spilar töluvert inn í hagnað félagsins árið 2015 en mótatekjur félagsins árið 2016 voru einungis 16 m.kr. (UMF Stjarnan, 2016). Framlög og styrkir árið 2015 voru 46 m.kr. en árið 2016 voru þær 73 m.kr. Sjá má í ársskýrslunni að stærsti rekstrarliðurinn eru laun leikmanna sem voru 62 m.kr. árið 2015 en 92 m.kr. árið 2016 (UMF Stjarnan, 2016).



Á Evrópulista UEFA er Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) efst íslenskra liða í 151. sæti en lið Knattspyrnufélags Reykjavíkur í næstefsta sæti eða í 184. sæti þegar þetta er ritað (UEFA, 2015). Pepsi-deild karla er jafnframt í 44. sæti af 54 löndum en árangur félaga í Evrópu-og meistaradeild ráða því í hvaða sæti liðin eru í (UEFA, 2015).

## **Mismunandi stjórnunarhættir**

### **Ísland**

Á Íslandi eru stjórnunarhættir félaga mjög svipaðir. Á aðalfundum félaga er stjórn félagsins kjörin og endurskoðendur valdir. Stjórn félagsins skipar síðan stjórnir deilda, nefndir og ráð sem starfa í þeirra umboði (Stjarnan, 2014). Stjórn félagsins skipar framkvæmdastjóra félagsins sem stýrir daglegum rekstri félagsins í umboði stjórnar. Starfsmenn félagsins starfa undir stjórn framkvæmdastjóra (Stjarnan, 2014). Misjafnt er hvort ráðinn sé framkvæmdastjóri yfir knattspyrnudeild félagsins en FH, KA, Grindavík, Breiðablik og Víkingur Ólafsvík hafa stöðu framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar (Knattspyrnusamband Íslands, 2017c).

Sjálfbóðaliðar eru mikilvægir hlekkir á Íslandi hjá knattspyrnufélögum (Þórólfur Þórlindsson, Viðar Halldórsson, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Daði Lárusson og Drífa Pálín Geirs, 2015). Sjálfbóðaliðar voru samtals 16.500 talsins í nefndum og stjórnnum ÍSÍ árið 2004 en talið er að eitt launað stöðugildi sé fyrir hverja 11 þátttakendur í íþróttum á Íslandi (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015). Sjálfbóðaliðar sjá um mismunandi hlutverk og geta þar til dæmis verið formenn knattspyrnudeilda, eða í stjórn félags og meistaraflokksráði (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015). Meistaraflokksráð sér um ákveðin mál sem tengjast meistaraflokki líkt og fjáraflanir, skipulagning æfingaferða, umgjörð heimaleikja o.fl. Margir sjálfbóðaliðar koma einnig að umgjörð leika, dómgæslu og fleira (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015). Allt eru þetta mikilvæg störf fyrir félög en félagið myndi ekki ná að standa undir rekstri ef það væri ekki fyrir sjálfbóðaliðana.

## Norðurlöndin

Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er stjórnunarháttur félaga mjög svipaður. Danska úrvalsdeildin er sú deild sem hefur stækkað hvað mest á undanförunum árum (Gammelsæter og Senaux, 2011). Þess má geta að danska knattspyrnusambandið sem stofnað var árið 1889 er eitt elsta knattspyrnusamband í heimi (O'Boyle, 2013).

Stjórnunarhættir á Norðurlöndunum miðuðust við áhugamennsku hér áður fyrir þar til að danska liðið Brøndby og sænska liðið Malmö urðu atvinnumannalið árin 1986 og 1989, en í kjölfarið fylgdu önnur lið í deildunum (O'Boyle, 2013). Eftir 1992 fóru félög í Noregi að breyta úr því að vera einungis með sjálfbodaliða sem ráku félögin í það að ráða starfsmenn til að koma tekjum inn til félagsins, meðal annars með því að fara í alls konar fjárfestingar (Gammelsæter og Jakobsen, 2008). Dæmi um starfsmenn sem starfa hjá knattspyrnufélögum í Noregi er framkvæmdastjóri knattspyrnufélagsins, en þeir hafa alla ábyrgð félagsins og eru ábyrgir fyrir daglegum rekstri klúbbsins (Gammelsæter og Jakobsen, 2008). Yfirmaður knattspyrnumála er til staðar hjá félögum í Noregi en þeir starfa undir framkvæmdastjóranum og sjá um öll samskipti við þjálfara félagsins, starfa náið með þjálfarateyminu, sjá um að leita að nýjum og efnilegum leikmönnum en skipta sér aldrei að uppstillingu liðsins (Gammelsæter og Jakobsen, 2008). Félög eru einnig farin að ráða til sín markaðsstjóra sem bera ábyrgð á markaðsstarfsemi félagsins og styrktaraðilum (Gammelsæter og Jakobsen, 2008). Félögin starfa eins og lítil fyrirtæki en starfsmennirnir þurfa oft að bregða sér í hin ýmis störf sem þarf að leysa.

Almennt eru knattspyrnufélög heimsins í stöðugum breytingum líkt og önnur fyrirtæki. Nýir starfsmenn koma í nýjar stöður, aðrir starfsmenn hverfa frá, nýjar áherslur koma fram og svo mætti lengi telja. Sum knattspyrnufélög hafa nýtt sér utanaðkomandi aðstoð til að sjá hvort breytinga væri þörf á stjórnarhættum félagsins, en stundum þarf að fá aðila sem er ekki tengdur félaginu til þess að koma og taka skynsamur lögættar ákvarðanir (Slack og Parent, 2006).

## Lifnaðarhættir knattspyrnumanna

Knattspyrnumenn upp til hópa eru fyrirmyndir fyrir aðra knattspyrnumenn, hvort sem þeir eru ungir eða gamlir. Leikmenn sem spila í Pepsi-deild karla geta sannarlega verið fyrirmyndir fyrir aðra knattspyrnumenn en oftast eru það atvinnumenn úti í heimi sem eru fyrirmyndir knattspyrnumanna (Mutter og Pawlowski, 2014). Mörg tilfelli sýna að þegar frægir knattspyrnumenn haga sér óíþróttamannslega með því að nota eiturlyf, verða uppvísir að einhvers konar spillingu eða veðmálasvindli, þá dregur sú hegðun úr fyrirmyndar orðspori þeirra og álit annarra knattspyrnumanna minnkar verulega á þeim (Mutter og Pawlowski, 2014).

Í rannsókn sem gerð var í Þýskalandi á þýskum knattspyrnuaðdáendum, þá kom í ljós að þeir kostir sem helst er litið til sem skipta máli varðandi val á fyrirmynd voru hvernig leikmaður hagaði sér á vellinum, hversu mikið hann lagði sig fram ásamt einstökum hæfileikum þeirra (Högele og Schmidt, 2011). En alltaf er það val knattspyrnumanna hvort þeir vilji vera góðar fyrirmyndir eða ekki (Mutter og Pawlowski, 2014).

Í annarri rannsókn sem gerð var í Þýskalandi á afreksmönnum og lífstíl þeirra komu margir áhugaverðir hlutir í ljós (Thiel o.fl., 2011). Skoðaðir voru hlutir líkt og hversu mikilvægur svefn er, neysla á fæðubótarefnum, neysla áfengis, mataræði og félagslegt umhverfi einstaklinga (Thiel o.fl., 2011). Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að allir þessir hlutir skipta máli, en til þess að afreksmenn geti náð sem lengst á sínum ferli og hámarkað hæfileika sína þá þurfa þeir að huga vel að heilsu sinni (Thiel o.fl., 2011).

Rannsóknir hafa sýnt að áfengisdrykkja kann að hafa slæm áhrif á frammistöðu afreksmanna (O'Brien og Lyons, 2000). Knattspyrnumenn eru ofarlega á lista yfir þá íþrótt þar sem afreksmenn eru þekktir fyrir að neyta áfengis í miklum mæli (O'Brien og Lyons, 2000). Það þekkist á Íslandi og víða um heim að fá sér nokkra bjóra eftir sigurleik eða þegar félög taka félagslegan hitting til þess að auka hópefli (Morgunblaðið, 2014). Áfengi hefur margvísleg áhrif á líkamann og dregur til að mynda úr viðbragðshraða og jafnvægi auk þess að hafa neikvæð áhrif á styrk og kraft o.fl. (Rose, 06.14).

Óskar Hrafn Þorvaldsson fjölmiðlamaður hefur oft farið mikinn í fréttamiðlum landsins á fyrri hluta ársins 2017 þar sem hann fjallar um að íslenskir

knattspyrnumenn séu ekki með rétt viðhorf og leggja sig ekki nægilega mikið fram (Eiríkur Stefán Ásgeirsson, 2017). Þar bendir hann á að margir leikmenn séu að fá greitt eins og þeir séu í fullri vinnu sem knattspyrnumenn en eru þó ekki að vinna sína vinnu almennilega (Eiríkur Stefán Ásgeirsson, 2017).

Leikmenn þurfa að hugsa um líkama sinn allan daginn, ekki einungis þegar það eru æfingar eða leikir, og ef leikmenn ætla ná árangri, þá þurfa þeir að hugsa eins og atvinnumenn allan sólarhringinn, alla daga vikunnar (Hörður Snævar Jónsson, 2017c).

## **Staðan á Íslandi í dag**

Fyrsta umferð Pepsi-deildar karla árið 2017 fór fram 31. apríl síðastliðinn. Flestir uppaldir leikmenn voru í byrjunarliði ÍA eða átta samtals og næst kom Fjölnir með fimm uppalda leikmenn í byrjunarliðinu (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Fæstir uppaldir leikmenn voru í liði Víkings frá Ólafsvík þar sem enginn uppallinn leikmaður hóf leikinn en þeir voru einnig með flesta erlenda leikmenn í byrjunarliðinu eða sex talsins (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Næst komu lið ÍBV og Fjölnis með fimm erlenda leikmenn í byrjunarliðinu (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e).

Í Pepsi-deild karla 2017 eru 54 erlendir leikmenn skráðir með leikheimild, þar af voru 42 erlendir leikmenn sem voru í byrjunarliðinu í fyrstu umferð Pepsi-deildar (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Af þeim 132 leikmönnum sem byrjuðu leikina þá voru 31,8% þeirra erlendir leikmenn (Hörður Snævar Jónsson, 2017b; Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e). Í Pepsi-deild karla árið 2016 þá voru 60 erlendir leikmenn með leikheimild en árið 2015 þá voru 40 leikmenn sem hófu tímabilið (Magnús Már Einarsson, 2016b). Kristján Guðmundsson, núverandi þjálfari ÍBV í Pepsi-deild karla, sagði í viðtali við Fótolti.net sumarið 2016 að mikil hræðsla einkenni þá þjálfara og stjórnarmenn sem telja að erlendir leikmenn séu lausnin til að koma í veg fyrir tap í næsta leik og telur að ungir, efnilegir leikmenn félaganna eigi frekar að fái tækifæri (Magnús Már Einarsson, 2016a). Í Pepsi-deild karla í ár er eitt lið sem hefur engan erlendan leikmann í sínu liði en það er lið Stjörunnar (Knattspyrnusamband Íslands, e.d.-e).

Það er ávallt kallað eftir því að ungir leikmenn fái tækifæri með meistaraflokki félaga. Í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla á þessu tímabili (2017), þá komu 16

annars flokks leikmenn við sögu, þar af sex í byrjunarliðinu en tíu leikmenn komu af varamannabekknunum (Hörður Snævar Jónsson, 2017a).

Í úrtakshópi 21 árs landsliðs Íslands, frá 22. mars sl., voru sex leikmenn af 22 sem spila með liðum erlendis en 16 leikmenn sem spila á Íslandi (Knattspyrnusamband Íslands, 2017a). Þar af eru 13 leikmenn sem eru samningsbundnir liðum í Pepsi-deild karla, sex leikmenn voru í byrjunarliði í fyrstu umferð Pepsi-deildar og fjórum leikmönnum var skipt inn á, aðrir komu ekki við sögu (Knattspyrnusamband Íslands, 2017a).

## Íslendingar í erlendum liðum

Þegar þessi orð eru rituð eru margir Íslendingar í erlendum knattspyrnuliðum og ótrúlega margir miðað við hvað Ísland er fámenn þjóð. Samanborið við önnur lönd á Norðurlöndunum þá er Ísland með flesta atvinnumenn miðað við höfðatölu, sjá töflu hér að neðan.

**Tafla 1.** Sýnir íbúafjölda, stöðu úrvalsdeildar, stöðu landsliðs á heimlista, fjöldi knattspyrnuíðkenda, fjöldi leikmanna í erlendum liðum og % hlutfall leikmanna í erlendum liðum miðað við höfðatölu fjögurra landa.

	Íbúafjöldi	Staða úrvalsdeildar í Evrópu	Staða landsliðs á heimlista FIFA	Fjöldi knattspyrnuíðkenda	Fjöldi leikmanna í erlendum liðum	% hlutfall miðað við höfðatölu
<b>Ísland</b>	340.000	44	21	20,000	69	0.02 %
<b>Noregur</b>	5,156,000	4	86	352,515	104	0,002%
<b>Danmörk</b>	5,659,000	10	51	389,254	184	0,003%
<b>Svíþjóð</b>	10,000,000	27	34	418,995	213	0,0021%

(Sigurður Ragnar Eyjólfsson, 2007)

Ísland hefur á sínum vegum atvinnumenn í efstu fimm deildum Evrópu samkvæmt styrkleikalista UEFA (UEFA, 2015). Í úrvalsdeildinni á Englandi spilar Gylfa Þór Sigurðsson og Jóhann Berg Guðmundsson, í þýsku úrvalsdeildinni spilar Alfreð Finnbogason, á Spáni spilar Sverrir Ingi Ingason, á Ítalíu spilar Emil Hallfreðsson og Kolbeinn Sigþórsson spilar í frönsku úrvalsdeildinni (Soccerway, 2017). Samkvæmt lista Soccerway þá eiga Íslendingar 69 leikmenn sem eru samningsbundnir erlendum liðum (Soccerway, 2017). Mismunandi er eftir leikmönnum hversu stórt hlutverk þeir hafa hjá þessum félögum en meirihluti leikmannanna eru að spila í úrvalsdeild þeirra lands sem þeir spila í.

Breiðablik er það íslenska félag sem hefur skilað flestum leikmönnum til erlendra liða en frá árinu 2005 hafa þeir selt yfir 25 leikmenn. Meðal þeirra

leikmanna sem hafa verið seldir eru Gylfi Sigurðsson, Alfreð Finnbogason, Jóhann Berg Guðmundsson og Sverrir Ingi Ingason (Óskar Ófeigur Jónsson, 2017)

Fjölmarginir ungir leikmenn frá Íslandi eru að vekja athygli með unglingsliðum félaga í dag en þar má helst nefna Albert Guðmundsson leikmann PSV í Hollandi (Bjarni Þórarinn Hallfreðsson, 2017).

## Aðferðir og gögn

Hér verður greint frá markmiðum þessarar rannsóknar og rannsóknarspurning sett fram. Greint verður frá framkvæmdarkafla rannsóknarinnar, hverjir þátttakendur eru, mælitækin sem eru notuð og hvernig úrvinnsla gagna fer fram.

### Markmið og rannsóknarspurning

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf formanna knattspyrnudeilda íslenskra félaga í Pepsi-deildinni. Lagt verður upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- ✓ Er Pepsi-deild karla atvinnumannadeild?
- ✓ Er það mat formanna Pepsi-deildarinnar að lifnaðarháttur leikmanna sé nægjanlega góður sem og framlag þeirra til félagsins.
- ✓ Hvaða tekjur eru mikilvægastar fyrir félagið?
- ✓ Hvaðan koma tekjurnar?
- ✓ Eru ungir leikmenn að fara of snemma til erlendra liða?

### Rannsóknaraðferð

Rannsóknin byggir á meginlegri rannsóknaraðferð þar sem þátttakendur svöruðu spurningalista sem sendur var á í rafrænum tölvupósti. Kosturinn við að notast við meginlega rannsókn er að það gefur góða tölulega yfirsýn yfir ákveðin viðfangsefni sem ætlunin er að svara (Félagsvísindastofnun, 2014).

### Þátttakendur

Spurningalistinn var sendur á 12 formenn knattspyrnudeilda í Pepsi-deild karla þar sem þeir voru beðnir um að svara 15 spurningum. Netföng þátttakenda voru fengin á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands (Knattspyrnusamband Íslands, 2017c). Allir þátttakendur þessarar rannsóknar voru karlkyns en 11 af 12 þátttakendum sem svöruðu spurningalistanum eða 91,6% af þýðinu. Spurningalistann má sjá í heild sinni í viðauka 1.

## **Mælitæki**

Spurningalistinn sem var notaður var útbúinn af rannsakenda ásamt leiðbeinendum þessarar ritgerðar. Spurningalistinn innihélt 15 spurningar sem fjölluðu allar á einhvern hátt um Pepsi-deild karla. Rannsakandi greindi spurningalistann í flokka sem birtur er í niðurstöðukaflanum en þeir eru bakgrunnur formanna, stjórnunarhættir, rekstur félaga, Pepsi-deild karla, framlag leikmanna og ungir leikmenn á Íslandi. Spurningunum var svarað rafrænt og var spurningalistinn búinn til á vefsíðu *Survey monkey*. Ekki var hægt að rekja svör einstakra þátttakenda.

## **Framkvæmd**

Hugmynd að rannsókninni kom fram í upphafi október 2016 en rannsóknin var samþykkt af fagráði ípróttufræðisviðs Háskóla Reykjavíkur 27. október 2016. Rannsóknaráætlun var sett fram í desember 2016 og grunnur að framkvæmd rannsóknarinnar var lagður í byrjun janúar 2017. Gagnaöflun hófst í framhaldi af því.

Þegar kom að því að velja þátttakendur sem voru hvað fróðastir manna um Pepsi-deild karla, þá var ákveðið að þátttakendur rannsóknarinnar yrðu formenn þeirra knattspyrnufélaga sem leika í Pepsi-deild karla. Þeir hafa alla mikla hagsmuna að gæta þar sem þeir eru í mikilvægri stöðu innan félaganna og hafa því góða tengingu við rannsóknarefnið. Upphaflegi spurningalistinn tók miklum breytingum áður en hann var endanlega sendur út á formennina en þær breytingar sneru að mestu leyti um hversu ítarlegar spurningarnar ættu að vera, sem og orðalag þeirra.

Spurningalistinn var því sendur 26. apríl 2017 á formenn allra knattspyrnufélaganna tólf í Pepsi-deild karla. Hlekkur á spurningalistann fylgdi póstinum þar sem þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum eftir bestu getu. Ítrekun var send á þátttakendur 02. maí og spurningalistanum var lokað 04. maí 2017. Þegar það átti sér stað voru komin svör frá 11 af 12 viðmælendum sem gerir svarhlutfallið 91,6 % .

Miðað við hversu fljótt viðmælendur svöruðu spurningalistanum má ætla að þeim hafi þótt listinn áhugaverður og óskuðu einhverjir viðmælenda um að fá afrit af ritgerðinni þegar henni er lokið.



## Úrvinnsla og greining

Gögn spurningalistans voru sett inn í tölfræðiforritið IBM SPSS Statistics 22 þar sem unnið var úr þeim. Gröf og tafla voru unnin í Microsoft Excel 2016 og að lokinni úrvinnslu voru niðurstöðurnar settar fram með lýsandi tölfræði, líkt og sjá má í niðurstöðukafla þessarar ritgerðar.

## Eigindlegur hluti rannsóknarinnar

Við úrvinnslu rannsóknarinnar er mikilvægt að vita hvað felst í hugtakinu atvinnumennska og því þurfti að skoða það nánar. Ákveðið var að notast við eigindlega rannsóknaraðferð í þeim tilgangi sem fólst í því að taka viðtöl við þrjá einstaklinga sem veitir þannig betri innsýn í hvað felst í að vera atvinnumaður í knattspyrnu.

Viðmælendurnir þrír eru allir karlkyns og hafa allir leikið með erlendum liðum og spilað í Pepsi-deild karla. Samtals hafa þeir spilað 113 A-landsliðsleiki. Tveir viðmælendanna spila ennþá í Pepsi-deild karla þegar þessi ritgerð er skrifuð en hinn viðmælandinn þjálfar lið í sömu deild.

Viðmælendum var gerð grein fyrir markmiðum og tilgangi rannsóknarinnar og þeir voru beðnir um að tjá sig um eftirfarandi hluti:


- ✓ Hvað er atvinnumennska í þínum augum, bæði kostir og gallar?
- ✓ Fara ungir íslenskir leikmenn sem fara of snemma til erlendra liða?
- ✓ Er Pepsi-deild karla atvinnumannadeild?

Í niðurstöðukaflanum eru viðmælendurnir greindir eftir númerum, V1 (leikmaður í Pepsi-deild karla), V2 (leikmaður í Pepsi-deild karla) og V3 (þjálfari í Pepsi-deild karla).


## Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem skoðuð verða svör þátttakenda við spurningalistanum sem var sendur út. Til viðbótar verða viðtalsgögn greind þar sem viðtöl voru tekin við þrjá fyrrverandi atvinnumenn í knattspyrnu.

### Bakgrunnur




**Mynd 1.** Samantekt sem sýnir hversu lengi formenn hafa gegnt stjórnunarstöðu hjá núverandi félagi.




**Mynd 2.** Hæsta stig menntunar formanna félaga í Pepsi-deild karla.

Á mynd eitt sést að rétt tæpt 91% formanna í Pepsi-deild karla hafa gegnt stjórnunarstöðu hjá núverandi félagi í þrjú ár eða lengur en aðeins 9,1% hafa verið í eitt ár eða skemur. Á mynd tvö kemur í ljós að meirihluti formanna í deildinni hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi eða 45,5%. Fæstir eru með grunnskólapróf eða minna sem hæsta menntunarsstig eða aðeins 9,1%.

### Stjórnunarhættir




**Mynd 3.** Álit formanna félaganna á því hvort breyttir stjórnunarhættir knattspyrnufélaga geti verið Pepsi-deild karla til framdráttar.




**Mynd 4.** Mat formanna félaga í efstu deild á Íslandi um hvort félögin notist við erlend viðmið annarra knattspyrnufélaga tengd stjórnunarháttum.

Á mynd þrjú kemur fram að 45,5% formanna eru sammála því að breyttir stjórnunarháttir gætu verið Pepsi-deild karla til framdráttar en mikill hugur virðist vera hjá formönnum að breyta stjórnunarháttum félaganna, þar sem enginn þeirra er ósammála þessu. Á mynd fjögur sést að mjótt er á munum hvort félög formanna notist við erlend viðmið tengd stjórnunarháttum, en meirihluti formanna eða 54,5% greinir frá því að sitt félag styðjist við erlend viðmið. 45,5% gera það ekki.


## Rekstur félaga



**Mynd 5.** Árlegur rekstur mfl.karla að jafnaði hjá félögum formanna í efstu deild.




**Mynd 6.** Mat formanna í efstu deild á mikilvægi þess að ná meistara- eða Evrópudeildarsæti, fyrir rekstur félags.




**Mynd 7.** Mat formanna félaga í efstu deild á því hvaða tekjur félaganna skipta mestu máli.

Á mynd fimm sést að 72,7% félaganna eru að jafnaði með yfir 100 m.kr. í rekstri á meistaraflokks karla á einu ári. Á mynd sex kemur fram að það skiptir 54,5% félaga mjög miklu máli að ná meistara- eða Evrópudeildarsæti á hverju ári og 27,3% segja frekar miklu máli. Á mynd sjö má sjá að 40% af félögunum telja mestu máli skipta að fá tekjur tengdar styrkjum og auglýsingum, 30% félaganna telja mikilvægast að fá tekjur tengdar Evrópukeppnum og 10% félaganna telja að allar tekjur séu jafn mikilvægar.

## Pepsi-deild karla




Mynd 8. Álit formanna félaga í efstu deild um hvað eigi best við um Pepsi-deild karla.



Mynd 9. Álit formanna félaga í efstu deild um hvaða atriði skipti mestu máli varðandi það að Pepsi-deild karla flokkist sem atvinnumannadeild.


Á mynd átta sést að 45,5% formanna telja að Pepsi-deild karla flokkist sem blanda af atvinnu- og áhugamennsku en 27,3% telja að deildin sé blanda af hálf-atvinnumennsku og atvinnumennsku. Á mynd níu sést hvaða atriði formennirnir telja að skipti mestu máli varðandi að Pepsi-deild karla flokkist sem atvinnumannadeild, en 81,8% telja að laun frá félaginu skipti mestu máli, 54,5% telja að aðstæður til knattspyrnuíðkunar skipti mestu máli og 45,5% telja hvenær dags er æft.

### Framlag leikmanna




**Mynd 10.** Álit formanna félaga í efstu deild hvort framlag leikmanna í félaginu þeirra sé ábótavant miðað við laun þeirra frá félaginu.





**Mynd 11.** Álit formanna félaga í efstu deild hvort lifnaðarháttum íslenskra knattspyrnumanna í Pepsi-deild karla sé ábótavant.




**Mynd 12.** Álit formanna félaga í efstu deild um hvort banna eigi leikmönnum sem þéna yfir ákveðna upphæð frá félaginu að stunda aðra vinnu með knattspyrnunni.


Á mynd tíu kemur fram að 45,5% formanna eru frekar ósammála því að framlag leikmanna þeirra sé ábótavant miðað við laun þeirra en 27,3% svara hvorki sammála né ósammála. Á mynd 11 sést að skiptar skoðanir eru meðal formannanna en 40% eru frekar ósammála því að lifnaðarháttum knattspyrnumanna í Pepsi-deild karla sé ábótavant á meðan 30% segjast vera frekar sammála þeirri fullyrðingu. Á mynd 12 má sjá að flestir eru frekar ósammála eða 45,5% um að banna eigi

leikmönnum sem þéna yfir ákveðna upphæð frá félaginu að stunda aðra vinnu, en 27,3% eru hvorki sammála né ósammála þessu.


### Ungir leikmenn á Íslandi



**Mynd 13.** Álit formanna félaga í efstu deild um hvort ungir leikmenn íslenskra liða fari of snemma til erlendra liða.



**Mynd 14.** Mat formanna í efstu deild á því hvort ungir leikmenn íslenskra liða fari fyrir of lága fjárhæð til erlendra liða.



**Mynd 15.** Álit formanna félaga í efstu deild um hvort of margir erlendir leikmenn séu fengnir til að spila í Pepsi-deild karla á kostnað yngri leikmanna.

Á mynd 13 kemur fram að 50% formanna eru frekar sammála því að ungir leikmenn á Íslandi séu að fara of snemma til erlendra liða og 20% eru mjög sammála því. Á mynd 14 þá sést að 54,5% formanna eru mjög sammála því að ungir leikmenn íslenskra liða séu að fara fyrir of lága fjárhæð til erlendra liða og 36,4% segjast vera frekar sammála því. Á mynd 15 eru mjög skiptar skoðanir hjá formönnum en 27,3% eru mjög sammála því að erlendir leikmenn séu að spila á kostnað yngri leikmanna í Pepsi-deild karla en 27,3% eru frekar ósammála því.

## **Eigindleg rannsókn**

Hér að neðan er greint frá helstu niðurstöðum úr viðtölum sem tekin voru við framkvæmd þessarar rannsóknar. Líkt og áður hefur komið fram voru viðtöl tekin við þrjá aðila sem hafa allir mikla reynslu sem atvinnumenn.

Viðmælendur eru hér eftir flokkaðir eftir númerum, V1 ( leikmaður í Pepsi-deild karla), V2 ( leikmaður í Pepsi-deild karla) og V3 ( þjálfari í Pepsi-deild karla). Að endingu eru gögn málsins flokkuð og aðalatriðin greind.

## **Hvað er atvinnumenska?**

Allir viðmælendur voru sammála því að atvinnumenska er þegar knattspyrnan er númer 1, 2 og 3 og hefur því forgang gagnvart öllu öðru í lífi einstaklingsins. Fótboltinn er lífstíll og hefur ekkert annað truflandi áhrif á líf þeirra. Viðmælendur voru á því að í atvinnumensku áttu að geta mætt á æfingu þegar félagið krefst þess, að þú þurfir ekki að hliðra öðru til, að þú sért ávallt vel undirbúinn, vel nærður, úthvöldur og átt ávallt að vera til staðar fyrir félagið með því að sinna öðrum skyldum eins og að heimsækja skóla, spítala og fleira.

Viðmælendurnir voru allir á því að laun frá knattspyrnufélaginu skiptir miklu máli til að um atvinnumensku sé að ræða. Laun leikmanna þurfa því að geta dugað fyrir helstu útgjaldaliðum heimilis eða fjölskyldunnar, líkt og húsnæði, bíl, matarinnkaup og fleira. Leikmenn eiga ekki að þurfa að vera í annarri vinnu ef þeir eru að fá greitt nógu vel frá knattspyrnufélaginu enda ætlast félagið til þess að utan æfinga séu leikmenn að hugsa um líkama sinn fyrir næstu æfingu eða leik. Viðmælendurnir voru sammála um að atvinnumenska væri algjör lúxusatvinnugrein en fyrir utan æfingar og leiki þá ná atvinnumenn að sinna fjölskyldulífinu. Knattspyrnufélögin hugsa vel um leikmennina sína og bjóða upp á gott vinnuumhverfi þar sem t.d. sjúkrahjálfarar, nuddarar og næringarfræðingar aðstoða leikmenn að ná sem mestu út úr eigin knattspyrnulíkama.

Það eru þó slæmar hliðar á atvinnumenskunni sem hrjá marga. V2 talar um að stundum gleymist að huga að sálrænu hlið leikmannsins. Þegar hann spilaði erlendis voru þó sálfræðingar sem voru í fullu starfi hjá félaginu en það tíðkast ekki hér á Íslandi. V2 talar um pressuna sem getur fylgt því að vera keyptur fyrir háar fjárhæðir, vera á háum launum, þá sérstaklega þegar þú skilar ekki þínu hlutverki inni á vellinum. V3 kemur inn á sama efni um andlegu hliðina þegar leikmenn eru

ekki að spila leikina, eru ekki að fá tækifæri með liðinu, þá þurfi þeir sérstaklega að vera sterkir andlega og tilbúnir að nýta tækifærið þegar það gefst.

Allir viðmælendurnir voru sammála um að Pepsi-deild karla flokkist sem hálf atvinnumennska. V2 segir að umhverfið í kringum leiki og æfingar sé að nálgast atvinnumannaumhverfið en þar sem mikill munur sé á launum leikmanna að þá sé ekki hægt að kalla Pepsi-deild karla sem atvinnumannadeild. V1 nefnir að jafnvel þótt einhverjir leikmenn í Pepsi-deild karla séu að fá vel borgað og geti rekið heimili, bíl og fleira á þeim launum, að þá eru svo fjölmargir leikmenn sem eru langt frá því.

### **Ungir íslenskir leikmenn til erlendra liða**

Allir viðmælendurnir voru sammála um að oft á tíðum fari ungir leikmenn á Íslandi of snemma til erlendra liða. Umhverfið sem íslensk knattspyrna er farin að bjóða upp á er stundum betri en boðið er upp á hjá öðrum félögum á Norðurlöndunum. V1 kemur inn á það að þegar ungir leikmenn hafa verið að fara til Skandinavíu og víðar, að þeir geti ekki kallað sig atvinnumenn strax miðað við skilgreininguna á atvinnumenskunni hér að ofan. Fjárhæðirnar sem ungu leikmennirnir eru að þéna eru ekki nægar til að sjá fyrir heilli fjölskyldu, bíl, húsi o.fl., en auðvitað eru einhver frávík þar sem ungir leikmenn þéna nógu háar upphæðir til að geta mögulega kallast atvinnumenn. V1 sem þekkir vel til félaga á Norðurlöndunum nefnir að ungir leikmenn frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi myndu aldrei kalla sig atvinnumenn, þeir líti fyrst og fremst á sig sem unglingaleikmenn, sem eru í þeirri forréttindastöðu að æfa hjá góðum félögum, með þann möguleika að hugsanlega komast að í aðalliðinu til að ná sér í atvinnumannasamning.

V3 nefnir einnig þá fræðslu sem ungir leikmenn mættu fá áður en þeir fara til erlendra liða. Gera þeim grein fyrir hverju er ætlast til af þeim, væntingastýring og eftirfylgni. Aðlögunartími, nýtt umhverfi, nýir liðsfélagar, ný menning, andlega hliðin, eru þættir sem margir ungir leikmenn eiga erfitt með og hefur sýnt sig á síðastliðnum árum að margir þeirra koma fljótlega aftur heim til Íslands þar sem þeir eru ekki nægilega vel undirbúnir til að fara einir til útlanda og lifa þar.

## Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða sjónarmið og viðhorf formanna knattspyrnufélaga í Pepsi-deild karla um deildina sjálfa. Spurningalisti var sendur til formanna allra knattspyrnufélaga í Pepsi-deild karla en vel gekk að fá svör þar sem 11 af 12 formönnum svöruðu spurningunum.

Í upphafi rannsóknarinnar var lagt upp með nokkrar rannsóknarspurningar sem hentugt er að rifja upp nánar en það er álit rannsakanda að þessum spurningum sé svarað með hliðsjón af fræðilegri umfjöllun og niðurstöðum rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningarnar eru:

- ✓ Er Pepsi-deild karla atvinnumannadeild eða hvað?
- ✓ Er lífnaðarháttur Pepsi-deildar leikmanna nægjanlega góður og framlag þeirra til félagsins?
- ✓ Hverjar eru mikilvægastar tekjur félaga? Er það sala á leikmönnum? Evrópukeppnir? Aðrar tekjur?
- ✓ Eru ungir leikmenn að fara of snemma til erlendra liða?

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að mismikill munur er á skoðunum formanna í Pepsi-deild karla í ákveðnum spurningum. Í einhverjum spurningum voru allir á svipaðri línu en í öðrum voru mjög skiptar skoðanir.

Niðurstöður úr þeim spurningum sem snéru að bakgrunni formanna komu ekki á óvart en flestir formannanna eru með framhalds- eða háskólapróf og allir nema einn eru búnir að sinna starfinu í fleiri en þrjú ár. Ljóst er að það eru vel menntaðir aðilar sem sjá um stjórnun á knattspyrnudeildunum, enda ábyrgðarfullt starf og í þokkabót er þetta að mestu leyti sjálfböðavinna.

Þegar litið er á niðurstöður sem tengjast stjórnunarháttum félaganna þá eru formennirnir sammála um það að breyttir stjórnunarhættir gætu verið Pepsi-deild karla til framdráttar. Þau lönd sem Pepsi-deild karla ætti að vera bera sig saman við eru nágrannalönd okkar eins og Noregur en í niðurstöðum má sjá að helmingur formanna segjast notast við erlend viðmið annarra knattspyrnufélaga tengd stjórnunarháttum. Í Noregi vinna einnig sjálfböðaliðar stórt hlutverk fyrir félögin eins og tíðkast á Íslandi en auk þeirra þá eru starfsmenn í 100% starfi eins og framkvæmdastjórar, yfirmaður knattspyrnumála sem sér um samskipti við þjálfarateymið og finna efnilega leikmenn og markaðsstjóri sem rannsakandi telur að íslensk félög gætu nýtt sér vel (Gammelsæter og Jakobsen, 2008).

Samfélagsmiðlar eru orðnir gríðarleg bylting um allan heim í dag og eru auglýsingar og skilaboð fljótleg að berast milli manna, en mörg félög á Íslandi eru byrjuð að nýta sér Facebook, Instagram og Snapchat til að auglýsa starf félagsins. Rannsakandi telur að knattspyrnufélög á Íslandi gætu notið góðs af því að utankomandi aðilar myndu taka stjórnunarhætti félagsins út, þar sem oft ríkir mikill vinskapur til þeirra sem fá ákveðnar stöður innan félaga. Með því að fá aðila til að koma og taka skynsamur ákvarðanir, fá inn nýja starfsmenn (yfirmann knattspyrnumála, markaðsstjóra), þá gætu nýjar tekjur skapast með nýjum leiðum (Slack og Parent, 2006).

Næstu spurningar varðandi rekstur á félögum í Pepsi-deild karla. Í ljós kom að það er mikill munur á rekstri félaganna, en þrjú lið í Pepsi-deild karla eru með minni en 100 m.kr. rekstur að jafnaði á ári en átta félög yfir 100 m.kr. Þegar spurt var hversu mikilvægt það væri fyrir félag formanna að ná meistara- eða Evrópudeildarsæti þá taldi meirihluti það skipta miklu máli. Þær fjárhæðir sem íslensk félög þéna á tímabili fyrir það eitt að spila í Evrópudeild eru miklar, en 220.000 evrur ( 25.5 m.kr.) fást fyrir fyrstu umferð, 320.000 evrur (37 m.kr.) fyrir næstu umferð og síðan hækkar upphæðin eftir því sem lið komast lengra (UEFA, 2016). Þegar rýnt var í ársskýrslu Stjórnunnar fyrir tímabilið 2016 þá mátti sjá augljósan mun á rekstri meistaraflokks karla hjá félaginu. 2016 var félagið ekki í Evrópudeildinni þar sem 42 m.kr. tap varð á rekstri deildarinnar en árið 2015 var félagið í Evrópudeildinni og hagnaður félagsins var 54 m.kr. á því ári (UMF Stjarnan, 2016). Mótatekjur Stjórnunnar á milli ára sýnir hversu mikilvægar tekjur frá Evrópukeppnum eru (UMF Stjarnan, 2016). Það kom rannsakanda á óvart að enginn þeirra formanna sem tóku þátt rannsókninni völdu að tekjur frá KSÍ skiptu mestu máli, en tekjur frá KSÍ til aðildarféлага voru annars vegar 4,6 m.kr. á hvert Pepsi-deildar lið og vegna árangurs Íslands á Evrópumótinu þá fengu lið mest 18,2 m.kr. (Knattspyrnusamband Íslands, 2016d, 2016c; Óskar Ófeigur Jónsson, 2016a). Félög á Íslandi græða ef íslenska karlalandsliðinu gengur vel á stórmótum, en því lengra sem landsliðið kemst, því hærri upphæðir fær KSÍ.

Þær tekjur sem formennirnir telja að skipti félögin mestu máli eru tekjur tengdar auglýsingum og styrkjum, en það er eins og í nágrannalöndum okkar, Danmörku og Svíþjóð. Tímabilið 2014/15 í Svíþjóð voru tekjur tengdar auglýsingum og styrkjum 56% af heildartekjum deildarinnar en í Danmörku sama

tímabil voru þessar sömu tekjur 30% af heildartekjum deildarinnar (Boor o.fl., 01.16).

Samkvæmt umfjöllun þessarar ritgerðar þá má segja að ekki séu margir leikmenn á Íslandi sem geti flokkast sem atvinnumenn. Viðmælendurnir þrír nefna allir að til að geta talist vera atvinnumaður þá þarftu að geta einungis sinnt knattspyrnunni, þú þurfir ekki að sinna annarri vinnu til að þéna peninga til að halda uppi heimilinu, m.ö.o. að þú hafir nógu mikið milli handanna til að sjá um bíl, hús, framfærslu á fjölskyldu og þess háttar. Viðmælendurnir töldu allir að laun frá félaginu skipta mestu máli til að um atvinnumannadeild sé að ræða og niðurstöður rannsóknarinnar sýndu sömu útkomu. Mögulega eru einhverjir leikmenn á Íslandi sem fá góð laun og geta staðist þessi atriði en það eru alls ekki nógu margir til að Pepsi-deild karla geti flokkist sem atvinnumannadeild. Niðurstöður sýndu að flestir formannanna telja að Pepsi-deild karla flokkist sem blanda af atvinnu- og áhugamennsku. Samkvæmt skilgreiningu á áhugamennsku þá er leikmaður ekki samningsbundinn félaginu og sinnir því ekki skyldum til félagsins (Halldorsson, 2017). Því telur rannsakandi að Pepsi-deild karla flokkist sem hálf atvinnumennska, því sumir einstaklingar eru með nógu góð laun til að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni. Þar eru allflestir leikmenn á samning við félagið sitt og geta því ekki talist vera áhugamenn þar sem þeir hafa ákveðnum skyldum að gegna til félagsins (Knattspyrnusamband Íslands).

Mikil bæting er á umgjörð í kringum félög á Íslandi og voru viðmælendur allir sammála um að Pepsi-deild karla væri að nálgast atvinnumennskuumhverfi fyrir utan laun leikmanna. Sú niðurstaða er í samræmi við niðurstöðu Viðars Halldórssonar um að ekki ríki nein atvinnumennska í neinni íþrótt á Íslandi en umgjörð og þess háttar sé þó að nálgast það umhverfi sem ríkir í atvinnumannadeildunum (Halldorsson, 2017).

Niðurstöður sýna að formennirnir hafa ekki miklar áhyggjur af framlagi leikmanna eða lifnaðarháttum þeirra. Rannsakandi telur að á síðustu árum hafi orðið miklar hugarfarsbreytingar hjá knattspyrnumönnum á Íslandi, en flestir knattspyrnumenn virðast gera sér grein fyrir að nauðsynlegt sé að hugsa vel um líkama sinn innan og utan vallar (Halldorsson, 2017).

Formennirnir voru allir sammála því að ungir leikmenn á Íslandi séu að fara of snemma og of ódýrt til erlendra liða. Þjálfun yngri flokka á Íslandi hefur farið vaxandi á síðustu árum og eru flest öll félög kominn með hágæða gervigrasvelli



hvort sem þeir eru innandyra eða utandyra. Umgjörðin er að verða eins og hjá mörgum liðum erlendis ef ekki betri. Einn viðmælendanna talaði mikið um það að ungir leikmenn halda að grasið sé grænna hinum megin en oft á tíðum er það ekki. Væntingastýring, andlega hliðin og aðlögunartími var einn mikilvægur hlutur sem einn viðmælendanna fjallaði um, en margir ungir íslenskir leikmenn koma snemma aftur til Íslands og má ætla að það sé eitthvað með þessi atriði að gera. Hlutirnir eru að breytast á Íslandi, en miðað við hversu margir ungir leikmenn hófu fyrstu umferðina í Pepsi-deild karla þá má ætla að viðhorf og traust til ungu leikmennina sé að breytast (Hörður Snævar Jónsson, 2017a).

Mikilvægt er fyrir knattspyrnufélög á Íslandi að hafa öflugt afreksstarf en félög eru í miklum mæli farin að sjá að það getur skilað töluverðum fjárhæðum til baka til félagsins með því að selja leikmenn áfram til erlendra liða og fá síðan ákveðnar prósentur þegar leikmenn eru seldir enn lengra til annarra liða.

Með bættri æfingaraðstöðu og vel menntuðum þjálfurum þá eru leikmenn með betri tækni í dag heldur en fyrir tíu árum. Yngri flokka starfsemi á Íslandi stendur töluvert framar heldur en í Noregi til dæmis þar sem það eru oftast foreldrar sem sjá um þjálfun. Ferðir þjálfara erlendis frá til Íslands hafa aukist, bæði vegna árangurs íslenska karlalandsliðsins undanfarin ár og vegna fjölda íslenskra leikmanna sem hafa farið til erlendra liða. Önnur lið úti í heimi eru forvitin og heimsækja því Ísland til að sjá hvað Íslendingar eru að gera sem þeir eru ekki að gera.

Kostir þessarar rannsóknar voru þær að úrtakshópur var fámennur og vel gekk að fá svör frá einstaklingunum. Spurningalistinn var auðveldur í framkvæmd og fljótlegur að svara. Samkvæmt IP-tölum sem sáust við greiningu gagna þá mátti sjá að þær voru allar mismunandi sem segir okkur að enginn tók prófið tvisvar, sem veitir rannsókninni mikið tölfræðilegt afl.

Það væri áhugavert að framkvæma sambærilega rannsókn á Pepsi-deild kvenna og bera niðurstöðurnar saman við Pepsi-deild karla. Líklegt er að það sé ansi mikill munur á rekstri meistaraflokks karla í samanburði við rekstur meistaraflokks kvenna. Hærri tekjur eru í karla knattspyrnu heldur en hjá konum en á komandi árum gæti bilið á milli launa karla og kvenna í knattspyrnu minnkað og því væri áhugavert að senda út sambærilegan spurningalista á formenn knattspyrnufélaga í Pepsi-deild kvenna.

Rannsakandi telur það vera mikilvægt að stjórnendur félaga, leikmenn og aðrir þátttakendur leiksins vinni í sameiningu að því að koma Pepsi-deild karla eins framarlega á heimsvísu og hægt er. Það þarf margt að ganga upp til þess að slíkt nái fram að ganga en ef stjórnendur félaganna gera sitt allra besta í að finna nýjar leiðir til að auka fjármagn til félagsins, ef leikmenn félaganna halda áfram að sinna líkama sínum eins og atvinnumenn, ef íslenska landsliðið heldur áfram að gera góða hluti og ef áhorfendur mæta á völinn, þá munu íslensk félagslið í efstu deild færast ofar á heimsvísu. Mikilvægt er að hafa í huga að lítil framfaraskref í rétta átt færa íslensk félagslið nær markmiðunum, hvort sem það séu breyttir stjórnunarhættir félaganna eða breytt hugarfar leikmanna, þjálfara eða annarra. Það er forsenda þess að íslenskt félagslið kemst í riðlakeppni meistara- og Evrópudeildar.

Það er ósk höfundar að efni þessarar ritgerðar veiti góða innsýn á stöðu Pepsi-deildar karla og varpi ljósi á sjónarmið þeirra sem starfa hvað mest í kringum knattspyrnuna á Íslandi. Vonandi getur efni hennar orðið kveikja að nýjum viðfangsefnum á sambærilegu sviði og nýst þjálfurum, leikmönnum, stjórnarmönnum eða öðrum áhugamönnum um knattspyrnu sem allra best.

## Heimildaskrá

Anton Ingi Leifsson. (2015, 28. mars). Jón Rúnar: FH er orðið atvinnumannafélag.

*Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.visir.is/g/2015150328999/jon-runar--fh-er-ordid-atvinnumannafelag>

Bjarni Þórarinn Hallfreðsson. (2017, 27. febrúar). Albert Guðmundsson með

þrennu í Hollandi. *Fotbolti.net*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.fotbolti.net/news/24-02-2017/albert-gudmundsson-med-thrennu-i-hollandi>

Blickenstaff, B. (2014, 17. desember). Life as Struggle: How Iceland Became the

World's Best Pound-for-Pound Soccer Team. *Vice Sports*. Sótt 15. maí 2017 af [https://sports.vice.com/en\\_us/article/life-as-struggle-how-iceland-became-the-worlds-best-pound-for-pound-soccer-team](https://sports.vice.com/en_us/article/life-as-struggle-how-iceland-became-the-worlds-best-pound-for-pound-soccer-team)

Boor, S., Green, M., Hanson, C., Shaffer, A., Thorpe, A. og Winn, C. (01.16).

*Annual Review of Football Finance 2016*. Sótt 15. maí 2017 af <https://www2.deloitte.com/uk/en/pages/sports-business-group/articles/annual-review-of-football-finance.html>

Dellal, A., Hill-Haas, S., Lago-Penas, C. og Chamari, K. (2011). Small-Sided Games

in Soccer: Amateur vs. Professional Players' Physiological Responses, Physical, and Technical Activities: *Journal of Strength and Conditioning Research*, 25(9), 2371–2381. doi:10.1519/JSC.0b013e3181fb4296

Deloitte Football Money League. (01.17). *Deloitte*. Sótt 15. maí 2017 af

<https://www2.deloitte.com/uk/en/pages/sports-business-group/articles/deloitte-football-money-league.html#>

- Eiríkur Stefán Ásgeirsson. (2017, 1. desember). „Ekki full vinna að æfa í tvo tíma á dag“. *Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.visir.is/g/2017170119600/-ekki-full-vinna-ad-aefa-i-tvo-tima-a-dag->
- Ericsson, K. A., Krampe, R. T. og Tesch-Römer, C. (1993). The role of deliberate practice in the acquisition of expert performance. *Psychological Review*, *100*(3), 363–406. doi:10.1037//0033-295X.100.3.363
- Félagsvísindastofnun. (2014, 17. september). Aðferðir. *Háskóli Íslands*. Sótt 20. maí 2017 af <http://fel.hi.is/adferdir>
- FIFA. (2017, 5. apríl). The FIFA/Coca-Cola World Ranking. *FIFA.com*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.fifa.com/fifa-world-ranking/ranking-table/men/index.html>
- FIFPro. (2016). *2016 FIFPRO Global Employment Report*. FIFPro - World player's union. Sótt af [https://footballmap.fifpro.org/assets/2016\\_FIFPRO\\_GLOBAL\\_EMPLOYMENT\\_REPORT.pdf](https://footballmap.fifpro.org/assets/2016_FIFPRO_GLOBAL_EMPLOYMENT_REPORT.pdf)
- Fleurot, G. (2017, 24. apríl). Football : Les 50 meilleurs entraîneurs de football du monde. *L'EQUIPE*. Sótt 15. maí 2017 af [http://www.lequipe.fr/Top/Football/top\\_50\\_entraineur\\_2017/11/](http://www.lequipe.fr/Top/Football/top_50_entraineur_2017/11/)
- Forbes. (2017). The World's 50 Most Valuable Sports Teams 2016. *Forbes*. Sótt 15. maí 2017 af <https://www.forbes.com/pictures/mli45fgemg/2-real-madrid/#6ee15652291c>
- Gammelsæter, H. og Jakobsen, S.-E. (2008). Models of Organization in Norwegian Professional Soccer. *European Sport Management Quarterly*, *8*(1), 1–25. doi:10.1080/16184740701814365

Gammelsæter, H. og Senaux, B. (ritstj.). (2011). *The organisation and governance of top football across Europe: an institutional perspective*. New York: Routledge.

Halldorsson, V. (2017). *Sport in Iceland: how small nations achieve international success*. Milton Park, Abingdon, Oxon ; New York, NY: Routledge.

Holt, M. (2009). *Uefa, Governance, and the Control of Club Competition in European Football*. London: Birkbeck - University of London. Sótt af <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.460.1910&rep=rep1&type=pdf>

Högele, D. og Schmidt, S. L. (2011). *Deutschland braucht den Superstar* ( No. 4). Sótt af [http://s.bundesliga.de/assets/doc/370000/369943\\_original.pdf](http://s.bundesliga.de/assets/doc/370000/369943_original.pdf)

Hörður Snævar Jónsson. (2017a, 5. febrúar). 16 leikmenn úr 2. flokki spiluðu í 1. umferð Pepsi deildar karla. 433. Sótt 15. maí 2017 af <http://433.pressan.is/pepsi-deild/16-leikmenn-ur-2-flokki-spiludu-i-1-umferd-pepsi-deildar-karla/>

Hörður Snævar Jónsson. (2017b, 5. mars). 42 útlendingar byrjuðu í Pepsi deildinni – 11 á bekknum. 433. Sótt 15. maí 2017 af <http://433.pressan.is/pepsi-deild/42-utlendingar-byrjudu-i-pepsi-deildinni-12-a-bekknun/>

Hörður Snævar Jónsson. (2017c, 28. apríl). Gunnleifur: Æfingaferðirnar voru djammferðir. 433. Sótt 15. maí 2017 af <http://433.pressan.is/pepsi-deild/gunnleifur-aefingaferdirnar-voru-djammferdir/>

ÍSí. (2017, 5. júní). Afreksstefna ÍSí. *Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://isi.is/afreksithrottir/afreksstefna-isi/>

Jóhann Ólafur Sigurðsson. (2015, 22. september). How coach education set Iceland up for success. *These Football Times*. Sótt 15. maí 2017 af <http://thesefootballtimes.co/2015/09/22/coach-education-set-iceland-up-for-success/>

Knattspyrnusamband Íslands. *REGLUGERÐ KSÍ UM SAMNINGA OG STÖÐU FÉLAGA OG LEIKMANNA 1996*.

Knattspyrnusamband Íslands. (2016a). *Afreksstefna Knattspyrnusamband Íslands 2016*. Sótt af <http://www.ksi.is/media/arsting/Afreksstefna-KSI%CC%81-2016.pdf>

Knattspyrnusamband Íslands. (2016b). Úrslit - staða. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 22. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot/motalisti/urslit-stada/?MotNumer=36183>

Knattspyrnusamband Íslands. (2016c, 16. ágúst). EM framlag til aðildarfélaga KSÍ. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot/nr/13553>

Knattspyrnusamband Íslands. (2016d, 28. október). Fjármagn frá UEFA og KSÍ til íslenskra félagsliða. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot/nr/13739>

Knattspyrnusamband Íslands. (2017a, 22. mars). Leikskýrsla. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot/motalisti/leikskyrsla/?Leikur=408294>

Knattspyrnusamband Íslands. (2017b, 15. maí). Þjálfarar. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/fraedsla/thjalfarar/?Nafn=&Tegund=2722>

Knattspyrnusamband Íslands. (2017c, 15. maí). Aðildarfélög.

*Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/um-ksi/adildarfelog/?deildir=540&kyn=1>

Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.-a). Knattspyrnusamband Íslands / Helstu upplýsingar. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 14. maí 2017 af <http://www.ksi.is/um-ksi>

Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.-b). Formenn KSÍ frá upphafi.

*Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/um-ksi/Formenn/>

Knattspyrnusamband Íslands. *Lög Knattspyrnusamband Íslands 02/14*.

Knattspyrnusamband Íslands. *Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara 01/2013*.

Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.-c). Leyfisreglugerð KSÍ. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/leyfiskerfi/Leyfisreglugerd/>

Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.-d). Íslandsmeistarar meistaraflokks karla. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot/fra-upphafi/greinar/nr/56>

Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.-e). Mótalisti. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot/motalisti/>

Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.-f). Mótamál. *Knattspyrnusamband Íslands*. Sótt 20. maí 2017 af <http://www.ksi.is/mot>

Knattspyrnusamband Íslands. *Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga 02/2013*.

Kristján Guðjónsson. (2014, 20. ágúst). Stjarnan 0 - 3 Inter Milan. *DV*. Sótt 15. maí

2017 af <http://www.dv.is/sport/2014/8/20/stjarnan-0-3-inter-milan/>

Kunz, M. (2007). 265 million playing football. *FIFA Magazine*.

Magnús Már Einarsson. (2014, 31. október). „Pepsi-deildin er ekki

áhugamenska lengur". *Fotbolti.net*. Sótt 15. maí 2017 af

[http://fotbolti.net/news/31-10-2014/pepsi-deildin-er-ekki-](http://fotbolti.net/news/31-10-2014/pepsi-deildin-er-ekki-ahugamenska-lengur)

[ahugamenska-lengur](http://fotbolti.net/news/31-10-2014/pepsi-deildin-er-ekki-ahugamenska-lengur)

Magnús Már Einarsson. (2015, 17. febrúar). Hvað er Ísland að gera öðruvísi en

önnur lönd í þjálfun? *Fotbolti.net*. Sótt 15. maí 2017 af

[http://fotbolti.net/news/17-02-2015/hvad-er-island-ad-gera-odruvisi-en-](http://fotbolti.net/news/17-02-2015/hvad-er-island-ad-gera-odruvisi-en-onnur-lond-i-thjalfun)

[onnur-lond-i-thjalfun](http://fotbolti.net/news/17-02-2015/hvad-er-island-ad-gera-odruvisi-en-onnur-lond-i-thjalfun)

Magnús Már Einarsson. (2016a, 6. febrúar). Félögin telja svarið of oft vera

erlendir leikmenn. *Fotbolti.net*. Sótt 15. maí 2017 af

<http://fotbolti.net/fullStory.php?id=208350>

Magnús Már Einarsson. (2016b, 28. apríl). 60 erlendir leikmenn í Pepsi-deildinni í

sumar. *Fotbolti.net*. Sótt 15. maí 2017 af [http://fotbolti.net/news/28-04-](http://fotbolti.net/news/28-04-2016/60-erlendir-leikmenn-i-pepsi-deildinni-i-sumar)

[2016/60-erlendir-leikmenn-i-pepsi-deildinni-i-sumar](http://fotbolti.net/news/28-04-2016/60-erlendir-leikmenn-i-pepsi-deildinni-i-sumar)

Morgunblaðið. (1998, 9. júlí). Heimsmeistarar Frakka ráku sig á ókleifan ísvegg í

Reykjavík. *Morgunblaðið*. Sótt 15. maí 2017 af

[http://www.mbl.is/sport/fotbolti/1998/09/07/heimsmeistarar\\_frakka\\_aku-](http://www.mbl.is/sport/fotbolti/1998/09/07/heimsmeistarar_frakka_aku_sig_a_okleifan_isvegg_i/)

[sig\\_a\\_okleifan\\_isvegg\\_i/](http://www.mbl.is/sport/fotbolti/1998/09/07/heimsmeistarar_frakka_aku_sig_a_okleifan_isvegg_i/)

Morgunblaðið. (2000, 2. september). Langþráður draumur að rætast.

*Morgunblaðið*. Sótt 15. maí 2017 af

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/517702/>



- Morgunblaðið. (2014, 17. október). Snerist um að djamma með strákunum -  
mbl.is. *Morgunblaðið*. Sótt 15. maí 2017 af  
[http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2014/10/17/snerist\\_um\\_ad\\_djamma  
\\_med\\_strakunum/](http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2014/10/17/snerist_um_ad_djamma_med_strakunum/)
- Mutter, F. og Pawlowski, T. (2014). Role models in sports – Can success in  
professional sports increase the demand for amateur sport participation?  
*Sport Management Review*, 17(3), 324–336.  
doi:10.1016/j.smr.2013.07.003
- O’Boyle, I. (ritstj.). (2013). *Sport governance: international case studies*. Milton  
Park, Abingdon, Oxon: Routledge.
- O’Brien, C. P. og Lyons, F. (2000). Alcohol and the athlete. *Sports Medicine*  
(Auckland, N.Z.), 29(5), 295–300.
- Óskar Ófeigur Jónsson. (2016a, 28. október). Peningarnir streyma frá UEFA og KSÍ  
til íslensku félaganna | Sjáið upphæðirnar. *Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af  
[http://www.visir.is/g/2016161028752/peningarnir-streyma-fra-uefa-og-  
ksi-til-islensku-felaganna---sjaid-upphaedirnar](http://www.visir.is/g/2016161028752/peningarnir-streyma-fra-uefa-og-ksi-til-islensku-felaganna---sjaid-upphaedirnar)
- Óskar Ófeigur Jónsson. (2016b, 10. nóvember). 40 erlendir þjálfarar hafa sótt um  
þjálfarastöðuna hjá KR. *Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af  
[http://www.visir.is/g/2016161019714/40-erlendir-thjalfarar-hafa-sott-  
um-thjalfarastoduna-hja-kr](http://www.visir.is/g/2016161019714/40-erlendir-thjalfarar-hafa-sott-um-thjalfarastoduna-hja-kr)
- Óskar Ófeigur Jónsson. (2017, 15. mars). Blikar búnir að selja 25 leikmenn frá  
árinu 2005. *Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af  
[http://www.visir.is/g/2017170319203/blikar-bunir-ad-selja-25-leikmenn-  
fra-arinu-2005](http://www.visir.is/g/2017170319203/blikar-bunir-ad-selja-25-leikmenn-fra-arinu-2005)

- Robinson, S. og France, A. (2011). Comparing Sports Marketing of Amateur Teams Sports to Professional Team Sports. *Waikato Institute of Technology, 9*(1).
- Rose, C. (06.14). Alcohol and the Athlete. The College of Saint Benedict and Saint John's University. Sótt af <https://www.csbsju.edu/documents/Counseling%20and%20Health%20Promotions/health/alcohol%20and%20the%20athlete.pdf>
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson. (2007). *How can Iceland produce so many professional football players?* Örebro. Sótt 15. maí 2017 af [http://www.ksi.is/media/fraedsla/How\\_can\\_Iceland\\_produce\\_so\\_many\\_professional\\_football\\_players.pdf](http://www.ksi.is/media/fraedsla/How_can_Iceland_produce_so_many_professional_football_players.pdf)
- Sindri Sverrisson. (2013, 14. desember). Látum deildabikarmeistara spila um Evrópusæti. *Morgunblaðið*. Sótt 20. maí 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1491160/>
- Slack, T. og Parent, M. M. (2006). *Understanding sport organizations: the application of organization theory* (2nd ed.). Champaign, IL: Human Kinetics.
- Soccerway. (2017). Players abroad Iceland. *Soccerway*. Sótt 15. maí 2017 af [http://us.soccerway.com/players/players\\_abroad/iceland/](http://us.soccerway.com/players/players_abroad/iceland/)
- Stefán Árni Pálsson. (2013, 15. nóvember). Eiður: Jólin komu fyrr á Íslandi. *Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.visir.is/g/2013131119385/eidur--jolin-komu-fyrr-a-islandi>
- Stefán Árni Pálsson. (2016, 13. mars). Davíð Þór vinnur fulla vinnu og æfir eins og atvinnumaður. *Vísir*. Sótt 15. maí 2017 af

<http://www.visir.is/g/2016160319469/david-thor-vinnur-fulla-vinnu-og-aefir-eins-og-atvinnumadur>

Stjarnan. (2014). Um félagið. *UMF Stjarnan*. Sótt 15. maí 2017 af

<http://stjarnan.is/home/um-felagidh>

Thiel, A., Diehl, K., Giel, K. E., Schnell, A., Schubring, A. M., Mayer, J., ... Schneider,

S. (2011). The German Young Olympic Athletes' Lifestyle and Health

Management Study (GOAL Study): design of a mixed-method study. *BMC*

*Public Health*, 11(1). doi:10.1186/1471-2458-11-410

UEFA. (2015). Member associations - UEFA rankings - Club coefficients.

*UEFA.com*. Sótt 15. maí 2017 af

<http://www.uefa.com/memberassociations/uefarankings/club/index.htm>

|

UEFA. (2016, 25. ágúst). 2016/17 Champions League revenue distribution.

*UEFA.com*. Sótt 15. maí 2017 af

<http://www.uefa.com/uefachampionsleague/news/newsid=2398575.htm>

|

UMF Stjarnan. (2016). *Árskýrsla 2016*. Garðabær: UMF Stjarnan.

Victor Jóhann Pálsson. (2017, 1. ágúst). Tíu launahæstu íslensku

atvinnumennirnir. 433. Sótt 15. maí 2017 af

[http://433.pressan.is/deildir/evropa/tiu-launahaestu-islensku-](http://433.pressan.is/deildir/evropa/tiu-launahaestu-islensku-atvinnumennirnir/?rel=1)

[atvinnumennirnir/?rel=1](http://433.pressan.is/deildir/evropa/tiu-launahaestu-islensku-atvinnumennirnir/?rel=1)

Viðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson. (1997). *Knattspyrna í heila öld*.

Reykjavík: Forlagið.

Þórólfur Þórlindsson, Viðar Halldórsson, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Daði

Lárusson og Drífa Pálín Geirs. (2015). *Íþróttir á Íslandi - umfang og*

*hagræn áhrif*. Sótt 20. maí 2017 af

file:///C:/Users/david10/Downloads/ithrott\_isl\_hagr\_ahr\_2015.pdf

## Viðauki 1

Kæri viðtakandi,

Þessi spurningalisti er hluti af lokaverkefningu mínu í B.Sc. í Íþróttfræði við Háskólann í Reykjavík. Lokaverkefnið mitt fjallar um sjónarmið formanna í Pepsi-deild karla í knattspyrnu hvort deildin teljist sem atvinnumannadeild eða ekki. Athugið að allar spurningarnar miðast við meistaraflokk karla í knattspyrnu.

Það væri mér mikils virði ef þú gætir gefið þér 3-4 mínútur til að svara spurningalistanum. Ekki er hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda og fullum trúnaði er heitið. Vinsamlegast merktu aðeins við einn svarmöguleika í hverri spurningu nema að um annað sé beðið.

Mikilvægt er að sem flestir taki þátt til að tölfræðilegt afl verði sem mest. Ef það eru einhverjar spurningar hafið þá samband við undirritaðan.

- 1) Í hversu mörg ár hefur þú gegnt stjórnunarstöðu í knattspyrnudeild hjá núverandi félagi?
  - a. Eitt ár eða skemur
  - b. Eitt til tvö ár
  - c. Tvö til þrjú ár
  - d. Þrjú ár eða lengur
- 2) Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
  - a. Grunnskólapróf eða minna
  - b. Stúdentspróf / Iðnmenntun
  - c. Háskólapróf
  - d. Framhalds háskólapróf (meistara- eða doktorspróf)
- 3) Hversu sammála eða ósammála ertu því að breyttir stjórnunarhættir knattspyrnufélaga gætu verið Pepsi-deild karla til framdráttar? ( t.d. er átt við með ráðningu á yfirmanni knattspyrnumála eða yfirnjósnara)
  - a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála
- 4) Notar félag þitt einhvers konar erlend viðmið annarra knattspyrnufélaga tengd stjórnunarháttum?
  - a. Já
  - b. Nei
- 5) Hvað kostar að jafnaði árlegur rekstur mfl.karla í þínu félagi?
  - a. 40 – 60 m.kr.
  - b. 60 – 80 m.kr.
  - c. 80 – 100 m.kr.
  - d. 100 m.kr. eða meir
- 6) Hversu miklu eða litlu máli skiptir það í rekstri þíns félags á hverju ári að ná meistara- eða Evrópudeildarsæti?

- a. Mjög miklu
  - b. Frekar miklu
  - c. Hvorki miklu né litlu máli
  - d. Frekar litlu
  - e. Mjög litlu
- 7) Hvaða tekjur skipta mestu máli í rekstri þíns félags?
- a. Tekjur frá KSÍ
  - b. Tekjur tengdar Evrópukeppnum
  - c. Tekjur tengdar sölu leikmanna
  - d. Tekjur tengdar styrkjum / auglýsingum
  - e. Tekjur tengdar heimaleikjum
  - f. Annað, þá hvað?
- 8) Hvað af eftirfarandi atriðum telur þú að eigi best við um Pepsi-deild karla?
- a. Áhugamennska
  - b. Atvinnumennska
  - c. Hálf atvinnumennska
  - d. Blanda af atvinnu – áhugamennsku
  - e. Blanda af hálf atvinnumennsku og atvinnumennsku
- 9) Hvaða atriði telur þú að skipti mestu máli varðandi það að Pepsi-deild karla flokkist sem atvinnumannadeild? ( leyfilegt er að merkja við fleiri en einn svarmöguleika)
- a. Aðstæður til knattspyrnuíðkunar
  - b. Aðstæður í félagsheimili ( matur f.æfingar / e. Æfingar o.s.frv.)
  - c. Laun frá félaginu
  - d. Hversu oft á degi er æft
  - e. Hvenær dags er æft
  - f. Stærð þjálfarateymis
  - g. Aðgangur að sjúkraþjálfara og nuddara
  - h. Annað, þá hvað?
- 10) Hversu sammála eða ósammála ertu því að framlag leikmanna í þínu félagi sé ábótavant miðað við laun þeirra frá félaginu?
- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála
- 11) Hversu sammála eða ósammála ertu því að lifnaðarháttum íslenskra knattspyrnumanna í Pepsi-deild karla sé ábótavant? ( hér er átt við hvernig leikmenn hugsa um sig fyrir utan æfingartíma)
- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála
- 12) Hversu sammála eða ósammála ertu því að það eigi að banna leikmönnum sem þéna yfir ákveðna upphæð frá félaginu að stunda aðra vinnu með knattspyrnunni?

- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála
- 13) Hversu sammála eða ósammála ertu því að ungir leikmenn íslenskra liða fari of snemma til erlendra liða?
- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála
- 14) Hversu sammála eða ósammála ertu því að ungir leikmenn íslenskra liða fari fyrir of lága fjárhæð til erlendra liða?
- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála
- 15) Hversu sammála eða ósammála ertu því að of margir erlendir leikmenn séu fengnir til að spila í Pepsi-deild karla á kostnað yngri leikmanna?
- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Hvorki sammála né ósammála
  - d. Frekar ósammála
  - e. Mjög ósammála

Lokið - Kærar þakkir fyrir þátttökuna.